ársskýrsla 2006

# Seltjarnarnesbær



# Bæjarstjórn og nefndir



**Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar**
Ásgerður Halldórsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir
Lárus B. Lárusson
Guðrún Helga Brynleifsdóttir
Þór Sigurgeirsson
Jónmundur Guðmarsson
Sunneva Hafsteinsdóttir

**Endurskoðendur**
Deloitte
Lárus Finnbogason
Ágúst Heimir Ólafsson

**Skoðunarmenn**
Guðmundur Hannesson
Guðmundur Einarsson

**Yfirkjörstjórn**
Ólafur Garðarsson
Pétur Kjartansson
Halldór Árnason

**Almannavarnanefnd**
Jónmundur Guðmarsson
Ásgerður Halldórsdóttir

**Bláfjallanefnd**
Egill Jóhannsson



**Félagsmálaráð**
Berglind Magnúsdóttir
Pétur Árni Jónsson
Guðrún Edda Haraldsdóttir
Magnús Margeirsson
Edda Kjartansdóttir



**Fjárhags- og launanefnd**
Ásgerður Halldórsdóttir
Stefán Pétursson
Guðrún H. Brynleifsdóttir

**Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands**
Jón Hákon Magnússon

**Fulltrúaráð Eirar**
Jónína Þóra Einarsdóttir
Erna Nielsen
Ragnhildur G. Guðmundsdóttir

**Fulltrúaráð Málræktarsjóðs**
Sólveig Pálsdóttir

**Fulltrúaráð SSH**
Þór Sigurgeirsson
Guðrún H. Brynleifsdóttir

**Fulltrúaráð Sorpu**
Stefán Jón Friðriksson

**Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar**
Ásgerður Halldórsdóttir
Jón Jónsson

**Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis**
Inga Hersteinsdóttir
Kristín Ólafsdóttir



**Jafnréttisnefnd**
Guðrún B. Vilhjálmsdóttir
Helgi Þórðarson
Hildigunnur Gunnarsdóttir

**Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Jónmundur Guðmarsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Guðrún H. Brynleifsdóttir



**Menningarnefnd**
Sólveig Pálsdóttir
Bjarki Harðarson
Bryndís Loftsdóttir
Valgeir Guðjónsson
Unnur Pálsdóttir

**Reykjanesfólkvangur**
Egill Jóhannsson



**Skipulags- og mannvirkjanefnd**
Ingimar Sigurðsson
Þórður Ó. Búason
Erna Gísladóttir
Ólafur Egilsson
Stefán Bergmann



**Skólanefnd**
Sigrún Edda Jónsdóttir
Gunnar Lúðvíksson
Jón Þórisson
Þórdís Sigurðardóttir
Kristján Þorvaldsson

**Starfskjaranefnd St.fél. Seltjarnarness**
Lárus B. Lárusson
Guðrún H. Brynleifsdóttir

**Stjórn Eirar**
Petrea I. Jónsdóttir

**Stjórn Sorpu**
Þór Sigurgeirsson

**Stjórn Strætó**
Sigrún Edda Jónsdóttir

**Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins**
Jónmundur Guðmarsson

**Stjórn Starfsmenntunarsjóðs St.fél. Seltjarnarness**
Þór Sigurgeirsson
Guðrún H. Brynleifsdóttir

**Svæðisskipulagsráð SSH**
Ólafur Egilsson
Stefán Bergmann



**Umhverfisnefnd**
Þór Sigurgeirsson
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Margrét Pálsdóttir
Helga Jónsdóttir
Brynjúlfur Halldórsson



**Veitustofnanir – stjórn**
Jónmundur Guðmarsson
Sjöfn Þórðardóttir
Guðmundur Jón Helgason
Guðmundur Magnússon
Jens Andrésson



**Æskulýðs- og íþróttaráð**
Lárus B. Lárusson
Unnur Ingibjörg Jónsdóttir
Páll Þorsteinsson
Haraldur Eyvinds
Felix Ragnarsson



**Bæjarstjóri**
Jónmundur Guðmarsson

**Framkvæmdastjóri Fjárhags- og stjórnsýslusviðs**
Lúðvík Hjalti Jónsson

**Skjalastjóri**
Ása Þórðardóttir

**Framkvæmdastjóri Fræðslu-, og menningarsviðs**
Óskar J. Sandholt

**Leikskólafulltrúi**
Hrafnhildur Sigurðardóttir

**Fræðslu- og menningarfulltrúi**
Ellen Calmon

**Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness**
Sigfús Grétarsson

**Skólastjóri Tónlistarskóla Seltjarnarness**
Gylfi Gunnarsson

**Leikskólastjóri Mánabrekku**
Guðbjörg Jónsdóttir

**Leikskólastjóri Sólbrekku**
Soffía Guðmundsdóttir

**Bæjarbókavörður**
Pálína Magnúsdóttir

**Framkvæmdarstjóri Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðssviðs/ íþróttafulltrúi**
Haukur Geirmundsson

**Æskulýðsfulltrúi**
Margrét Sigurðardóttir

**Framkvæmdastjóri Félagsþjónustusviðs/félagsmálastjóri**
Snorri Aðalsteinsson

**Félagsráðgjafi/forvarnafulltrúi**
Sigrún Hvanndal Magnúsdóttir

**Öldrunarfulltrúi**
Jónína Þóra Einarsdóttir

**Unglingaráðgjafi**
Þorsteinn Sveinsson

**Framkvæmdastjóri Tækni- og umhverfissviðs**
Einar Norðfjörð

**Bæjartæknifræðingur**
Haukur Kristjánsson

**Garðyrkjustjóri**
Steinunn Árnadóttir

**Bæjarverkstjóri**
Óskar Einarsson

**Hitaveitustjóri**
Jón H. Björnsson

# Efnisyfirlit

**Ávarp bæjarstjóra Seltjarnarness . . . . . . . . . . . . . . . . . 8**

**Fjárhags- og stjórnsýslusvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .10**
Bæjarstjórn
Bæjarskrifstofur
Álagning skatta
Starfsmannahald

**Fræðslu- og menningarsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 11**
Starfsemi sviðsins
Skólastefna
Ráðstefna og yngri nemendur
Grótta
Daggæsla
Leikskólar
Mánabrekka
Sólbrekka
Grunnskóli Seltjarnarness
Yngsta stig og miðstig
Elsta stig
Tónlistarskóli Seltjarnarness
Bókasafn Seltjarnarness
Menningarnefnd

**Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðssvið Seltjarnarness . . 17**
Starfsemi sviðsins
Íþróttamiðstöð Seltjarnarness
Íþróttahús
Sundlaug
Knattspyrnuvellir
Íþróttamenn Seltjarnarness 2006
Félagsmiðstöðin Selið

**Félagsþjónustusvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .18**
Starfsmannahald
Félagsmálaráð
Fjölskyldustefna Seltjarnarness
Jafnréttismál
Fjöldi þjónustuþega
Barnavernd
Félagsleg ráðgjöf – fjárhagsaðstoð
Húsaleigubætur
Heimaþjónusta
Ferðaþjónusta
Liðveisla við fatlaða
Þjónusta við aldraða
Dagvist aldraðra
Vistunarmál aldraðra
Félagsleg húsnæðismál
Áfengis- og vímuefnavarnir/forvarnir

**Tækni- og umhverfissvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .21**
Skipulagsmál
Byggingarmál
Verklegar framkvæmdir
Viðhald gatnakerfis og malbikun
Gangstéttir og gangstígar
Fráveitukerfið
Götulýsing og umferðarljós
Smábátahöfn
Sjóvarnir
Vatnsveita
Garðyrkjudeild

**Hitaveita Seltjarnarness . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24**

**Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24**
Starfsemi heilbrigðiseftirlitsins
Þvingunarúrræði
Matvælaeftirlit og neysluvatn
Hundahald og meindýraeyðing
Úrgangur og sorp
Fráveita og strandlengjan

**Ársreikningur 2006. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 26**

# Ávarp bæjarstjóra



## Kæri lesandi

Árið 2006 var bæði farsælt og viðburðaríkt fyrir Seltirninga. Ný bæjarstjórn kom til starfa um mitt ár en kosið var til sveitarstjórna síðla maímánaðar. Tvö stjórmálaöfl buðu fram lista til bæjarstjórnar, Sjálfstæðisflokkurinn og Bæjarmálafélagið en hið síðarnefnda er kosningabandalag Framsóknarflokks, Vinstri Grænna, Samfylkingar og óháðra. Í kosningum hlaut framboðslisti Sjálfstæðisflokks ríflega 67 % atkvæða og fimm fulltrúa kjörna í bæjarstjórn í stað fjögurra áður. N-listi Bæjarmálafélagsins hlaut tæp 33 % atkvæða og tvo bæjarfulltrúa.

Afkoma bæjarsjóðs árið 2006 er sú allra besta í ríflega þrjátíu ára sögu bæjarfélagsins. Aðgát og ráðdeild í rekstri bæjarins endurspeglast jafnframt í góðu samræmi á milli ársreiknings og fjárhagsáætlunar.

Seltjarnarnesbær býr nú við meiri fjárhagslegan styrk en flest ef ekki öll önnur sveitarfélög landsins. Velgengni í rekstri og afl til verka hefur skapað skilyrði til að veita íbúum bæjarfélagsins, ungum sem öldnum, góða þjónustu. Seltjarnarnesbær er þjónustufyrirtæki og ljóst er að þorri Seltirninga telur vel að verki staðið í málefnum bæjarins. Viðamikil könnun á meðal Seltirninga hefur leitt í ljós að um 85 % bæjarbúa eru ánægð með þjónustu bæjarins í heild. Það er einstakur árangur á meðal stærri sveitarfélaga.

## Traustur hagur

Skattastefna bæjarstjórnar sparar hverju heimili hundruð þúsunda króna á við það sem gerist annarsstaðar. Álagning gjalda á Seltjarnarnesi er nú hin lægsta á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem litið er til útsvars eða fasteignagjalda. Slíkur árangur kemur öllum Seltirningum til góða og á stóran þátt í að gera Seltjarnarnes að eftirsóknarverðu og fjölskylduvænu bæjarfélagi.

Heildartekjur bæjarsjóðs og fyrirtækja árið 2006 jukust milli ára þrátt fyrir lækkun útsvars og fasteignagjalda og hagnaður fyrir árið er um hálfum milljarði meiri en fjárhagsáætlun bæjarins gerði ráð fyrir vegna hagstæðrar sölu á byggingarétti. Stöðugleiki er í umsvifum bæjarins og afkoman árið 2006 er í samræmi við verulega batnandi árangur í rekstri bæjarsjóðs allt frá upphafi síðasta kjörtímabils.

Þrátt fyrir góða afkomu bæjarins hafa framkvæmdir á hans vegum aldrei verið meiri á einu ári. Framkvæmt var fyrir um sjö hundruð milljónir króna. Engin lán voru tekin til framkvæmda á árinu en hartnær áratugur er frá því Seltjarnarnes sló síðast lán fyrir framkvæmdum. Langtímaskuldir bæjarins og samstæðu hafa því lækkað hratt síðustu ár og nema nú um 360 milljónum króna sem telst óverulegt í ljósi fjárhagslegra burða Seltjarnarnesbæjar. Um þessar mundir ávaxtar bæjarsjóður um 1.100 milljónir króna á innlánsreikningum viðskiptabanka sinna og nýtir vaxtatekjur til framkvæmda í þágu íbúa.

Traustur rekstur sveitarfélaga ræðst ekki af tilviljunum, heldur af stefnufestu, ábyrgðarkennd og sýn á langtímahagsmuni bæjarbúa. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar einbeiti sér áfram að því að lækka skatta en veita um leið góða þjónustu. Seltjarnarnes er dæmi um ávinning íbúa af ráðdeild í opinberum rekstri því þrátt fyrir lækkandi álögur á bæjarbúa hefur bæjarsjóður aldrei skilað meiri afgangi.

## Aldrei meira framkvæmt

Af einstökum framkvæmdum og verkefnum má helst nefna opnun endurgerðrar sundlaugar, byggingu glæsilegs keppnisvallar með gervigrasi og gagngerar endurbætur á skólamannvirkjum. Nýtt aðalskipulag bæjarins tók einnig gildi á vordögum 2006 en markmið þess er að varðveita og auka lífsgæði Seltirninga. Þá hófust langþráðar framvæmdir á Hrólfsskálamel þar sem byggðar verða um 80 hágæðaíbúðir.

Rafræn þjónustugátt, sem ber nafnið *Rafrænt Seltjarnarnes www.seltjarnarnes.is* var opnuð á árinu á vef bæjarins. Henni er ætlað að einfalda aðgengi bæjarbúa að þjónustu, stofnunum og stjórnsýslu.

Afrakstur skólaþings haustið 2005 leit dagsins ljós vorið 2006 þegar formleg skólastefna Seltjarnarness kom út í fyrsta sinn. Bæjaryfirvöld hafa sýnt mikinn metnað í skólastarfi og vilja umfram allt skapa kjöraðstæður fyrir nám og kennslu ungmenna. Skólastefnan var unnin í samráði við bæjarbúa sem gafst einkar vel. Markmið bæjaryfirvalda með settri skólastefnu, og raunar fjölskyldustefnu sem einnig var mörkuð á vordögum 2006, er að skapa umhverfi fyrir foreldra sem styður og léttir undir með fjölskyldum. Markmið bæjarins er að bjóða upp á fjölskylduvænt samfélag sem þjónar og tekur mið af þörfum íbúanna. Leikskólar Seltjarnarness verðskulda sérstaka athygli fyrir öflugt tónlistarstarf og mikla grósku







í hvers konar listsköpun. Mikill metnaður í rekstri og hróður leikskólanna varð án efa meðal annars til þess að fjölga fagfólki í störfum við skólana á árinu.

Skólayfirvöld vilja að verkefnaval grunnskólabarna sé í takt við nútímann. Rétt er að nemendur eigi kost á að læra það sem er til gagns og gamans í ört minnkandi heimi. Fjölgun kennslustunda í ensku, listgreinum og stærðfræði eru meðal nýjunga í Grunnskóla Seltjarnarness.

Menningarlíf hefur eflst mjög á Seltjarnarnesi síðustu árin og þar var árið 2006 engin undantekning. Viðburðir voru þó nokkrir og hefur Bókasafn Seltjarnarness oftar en ekki haft veg og vanda af uppsetningu ýmissa sýninga. Meðal annarra viðburða má nefna listasýninguna *Eiland* sem haldin var úti í Gróttu en að henni stóðu 5 listamenn með tilstyrk Seltjarnarnesbæjar. Margmenni eða um tuttugu þúsund gestir sóttu sýninguna og varð hún til að vekja verðskuldaða athygli á Gróttu, sem einni af mestu náttúruperlum höfuðborgarsvæðisins.

## Bjart framundan

Það hefur gengið vel á Seltjarnarnesi og framtíðarhorfur eru góðar. Við munum tryggja enn betri þjónustu bæjarins og aukin lífsgæði íbúanna. Í skólamálum þarf að efla enn frekar innra starf og stefna hátt í bættum hag nemenda. Stórátak verður gert í gatna- og gangstéttagerð næstu þrjú árin og bærinn fegraður á ýmsa lund. Einnig liggur fyrir að efla til muna þjónustu við eldri borgara. Öflugur bæjarsjóður og styrk fjármálastjórn mun skila sér í aukinni hagsæld bæjarbúa.
Að síðustu færi ég þakkir öllum starfsmönnum bæjarins og þeim fjölmörgu Seltirningum sem lagt hafa hönd á plóg í málefnum bæjarins síðustu ár.

Með góðri kveðju,
Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri

## Fjárhags- og stjórnsýslusvið

Bæjarskrifstofur Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101
Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is
Veffang: www.seltjarnarnes.is
Afgreiðslutími: virka daga frá kl. 8:45–16:00
Framkvæmdastjóri: Lúðvík Hjalti Jónsson

### Bæjarstjórn

Í maí sl. var kosið til sveitarstjórna á Íslandi. Kosin var ný bæjarstjórn Seltjarnarness sem skipuð er sjö bæjarfulltrúum. Sjálfstæðisflokkur fékk kjörna fimm bæjarfulltrúa og Neslisti tvo. Bæjarstjórn er skipuð að meirihluta konum, þar sitja 4 konur og 3 karlar. Forseti bæjarstjórnar er Ásgerður Halldórsdóttir og bæjarstjóri er Jónmundur Guðmarsson.

Bæjarstjórn heldur fundi að jafnaði tvisvar í mánuði en á árinu 2006 voru haldnir 20 bæjarstjórnarfundir. Fundirnir eru haldnir í fundarsal bæjarstjórnar að Austurströnd og eru öllum opnir. Fundargerðir bæjarstjórnar eru birtar svo fljótt sem verða má á heimasíðu bæjarins sem og fundargerðir annarra fastanefnda á vegum bæjarins.

### Bæjarskrifstofur

Bæjarskrifstofur Seltjarnarness eru að Austurströnd 2 en þar eru jafnframt Fjárhags- og stjórnsýslusvið ásamt Fræðslu- og menningarsviði sem skólaskrifstofa Seltjarnarness tilheyrir. Tækni- og umhverfissvið er til húsa í Bygggörðum og Félagsþjónustusvið í Gamla Mýrarhúsaskóla. Á bæjarskrifstofum er leitast við að veita viðskiptavinum bæjarins, bæjarbúum, starfsmönnum og öðrum sem besta þjónustu ásamt upplýsingum um starfsemi bæjarins og afgreiðslu mála í stjórnkerfinu. Meginverkefni skrifstofunnar eru umsjón og eftirlit með daglegum rekstri bæjarins s.s. starfsmannahald, launavinnsla og bókhald þ.m.t. móttaka og greiðsla reikninga. Þá er álagning og innheimta þjónustu-, fasteigna- og hitaveitugjalda verkefni sem tilheyra bæjarskrifstofunum. Upplýsingagjöf til bæjarbúa, starfsmanna og viðskiptavina ásamt umsjón tölvumála og heimasíðu eru einnig verkefni bæjarskrifstofa.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita bæjarbúum sem bestar upplýsingar og hefur útgáfa á ýmsu efni sem dreift hefur verið til íbúa farið vaxandi. Meðal annars voru á árinu gefnir út bæklingar um fjármál og rekstur bæjarins, skólastefnu, fjölskyldustefnu, kynningarrit um *Rafrænt Seltjarnarnes*, upplýsingar um menningarviðburði auk veglegrar ársskýrslu.

Sú nýjung var tekin upp á árinu að ný rafræn þjónustugátt, *Rafrænt Seltjarnarnes, www.seltjarnarnes.is* var opnuð þar sem Seltirningum gefst kostur á að reka erindi sín við stjórnsýslu og stofnanir bæjarins á rafrænan hátt. Íbúar geta því hvar og hvenær sem er sent inn umsóknir, skoðað greiðsluseðla sína gagnvart bæjarfélaginu og sent inn erindi. Góður rómur





hefur verið gerður að þessari nýjung sem sparar sporin og auðveldar íbúum aðgengi að bæjarkerfinu.

Á árinu var keypt ný uppfærsla af bókhaldskerfi bæjarins, nú geta forstöðumenn stofnana staðfest alla reikninga rafrænt. Þessu fylgir mikið hagræði fyrir forstöðumenn sem þurfa nú ekki lengur að gera sér ferð á bæjarskrifstofu til að árita reikninga. Þessi viðamikla breyting hefur gengið hnökralaust fyrir sig og ber að þakka það öflugu starfsfólki.

Á bæjarskrifstofu var gengið frá ýmsum mikilvægum samningum á árinu og má þar m.a. nefna sölu á landi á Hrólfsskálamel og samkomulag heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar um byggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóð í vesturbæ Reykjavíkur.

### Álagning skatta

Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun ársins 2006 samþykkti bæjarstjórn að hafa gjaldstig útsvars 12,35%. Seltjarnarnesbær er eitt af sífellt færri sveitarfélögum sem leggja ekki á hámarksútsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga og er jafnframt með lægstu útsvarprósentu á höfuðborgarsvæðinu. Álagningu fasteignagjalda er einnig mjög stillt í hóf og er með því lægsta sem þekkist meðal sveitarfélaga. Seltjarnarnesbær er einnig eitt örfárra sveitarfélaga sem ekki leggur á holræsagjald. Elli- og örorkulífeyrisþegar fá afslátt af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Álagning fasteignagjalda ársins 2006 var með eftirfarandi hætti:

**Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði**
Var 0,24% af fasteigna- og lóðamati.
**Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði**
Var 1,12%.
**Vatnsgjald**
Var 0,115% af fasteigna- og lóðarmati.
**Lóðarleiga**
Var 0,35% af lóðamati.
**Sorpgjald**
Var 6.000 kr. á tunnu eða íbúð.
**Sorphreinsigjald**
1.200 kr. á hverja íbúð.
**Holræsagjald**
Var ekki lagt á.





### Starfsmannahald

Á árinu urðu litlar breytingar á starfsmannahaldi bæjarskrifstofu en nýr starfsmaður kom til starfa við ræstingu og umsjón með eldhúsi.

Símenntunaráætlun var gerð fyrir starfsmenn bæjarskrifstofu og starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn. Þeirri nýbreytni var framhaldið að hafa sumaropnunartíma á bæjarskrifstofunum frá 1. júní–31. ágúst. Opnunartími skrifstofu var lengdur á fimmtudögum en styttur á föstudögum. Þessi breyting mæltist ágætlega fyrir hjá starfsmönnum og bæjarbúum. Bæjarbúum var þannig gefinn kostur á að sinna erindum sínum á bæjarskrifstofu utan hefðbundins vinnutíma og starfsmönnum gafst kostur á að komast fyrr í helgarleyfi og njóta samvista með fjölskyldunni yfir sumarmánuðina.

## Fræðslu- og menningarsvið

Skólaskrifstofa Seltjarnarness
Bæjarskrifstofur Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101
Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is
Veffang: www.seltjarnarnes.is
Afgreiðslutími: virka daga frá kl. 8:45–16:00
Framkvæmdastjóri: Óskar J. Sandholt

### Starfsemi sviðsins

Helstu málaflokkar er undir sviðið heyra eru leikskólar, grunnskóli, tónlistarskóli, dagforeldrar, gæsluvöllur, fræðasetur, bókasafn sem og önnur söfn, menningarmál, ferðamál, kynningarstarf, útgáfumál, bakendakerfi, notendabúnaður og þróunarverkefni. Fræðslumálin eru stærsti einstaki flokkurinn en til hans rennur ríflega helmingur skatttekna bæjarfélagsins.

### Skólastefna

Vorið 2006 kom Skólastefna Seltjarnarness út í fyrsta sinn. Upphaf hennar má rekja til skólaþings er haldið var haustið 2005. Að því loknu voru teknar saman allar ábendingar sem þar komu fram auk þess sem gefinn var kostur á að skila inn frekari hugmyndum í gegnum vefsvæði bæjarins. Skólastefnu Seltjarnarnesbæjar er ætlað að vera leiðarvísir fyrir skólastarf á Seltjarnarnesi þar sem nemandinn er í öndvegi. Tilgangurinn með stefnunni er að kynna fyrir íbúum hvað bæjarfélagið vill gera og getur gert til þess að skapa kjöraðstæður fyrir nám og kennslu nemenda.

### Ráðstefna og yngri nemendur

Seltjarnarnesbær ásamt Garðabæ, Mosfellsbæ og Reykjanesbæ, stóð fyrir ráðstefnu á Grand Hótel sem bar yfirskriftina „Hve glöð er vor æska?“ Markmiðið með ráðstefnunni var að vekja athygli á stöðu yngri barna og fjölskyldna þeirra í íslensku samfélagi. Rannsóknir á börnum, viðhorfum þeirra sjálfra og til þeirra voru kynntar auk þess sem fulltrúar frá stjórnvöldum, ASÍ og þjóðkirkjunni lögðu málinu lið. Um 300 manns sóttu ráðstefnuna sem þótti takast vel.

### Grótta

Fræðslu- og menningarsvið hefur umsjón með Fræðasetrinu í Gróttu. Á síðasta ári fækkaði skólaheimsóknum grunnskólanemenda, en mikil aukning varð á gistingu þar sem foreldrafulltrúar bekkja leigja Fræðasetrið og gista með börnunum. Útleiga Fræðasetursins til ýmissa funda- og veisluhalda hefur einnig aukist.

Í júlí settu fimm listamenn upp sýninguna „Eiland“ úti í Gróttu. Nýttu þeir Fræðasetrið, vitavarðarhúsið, vitann og umhverfið í eynni til sýningarinnar. Listamennirnir stofnuðu nýlendu með list sinni og skipulögðu byggð eins og var í Gróttu fyrir Básendaflóðin 1788. Grunnhugmyndin að sýningunni var tilraun til að búa til heim eða smækkaða mynd af ákveðnu





samfélagi þar sem skáldleg og andleg gildi eru í heiðri höfð.
„Fjölskyldudagur í Gróttu“ var haldinn hátíðlegur í apríl og stóð Varðan, slysavarnadeild kvenna á Seltjarnarnesi, fyrir vöfflukaffi að þessu sinni. Fjölmenni lagði leið sína út í Gróttu þennan dag.
Upplýsingar um Fræðasetrið er að finna á heimasíðu bæjarins og þar er einnig að finna flóðatöflur sem veita upplýsingar um hvenær er hægt að komast út í Gróttu. Auk þess sér skólaskrifstofan um að flóðatafla hvers mánaðar sé á skilti við bílastæðin úti í Snoppu, vegfarendum til viðvörunar og upplýsingar.

## Daggæsla

Árið 2006 störfuðu 5 dagforeldrar á Seltjarnarnesi. Í desember voru 25 börn í daggæslu hjá þeim, þar af eru 14 með lögheimili á Seltjarnarnesi. Tvö börn eru í gæslu hjá dagforeldrum í Reykjavík og greiðir Seltjarnarnesbær með þeim. Börn sem dvelja hjá dagforeldrum eru á aldrinum frá tæplega eins árs til tveggja ára. Daggæsla barna hjá dagforeldrum er niðurgreidd af bæjarfélaginu. Leikskólafulltrúi Seltjarnarnesbæjar hefur umsjón og eftirlit með dagforeldrum og veitir faglega ráðgjöf í umboði félagsmálaráðs. Dagforeldrum á Seltjarnarnesi var boðið á tveggja kvölda námskeið í „Uppeldi til árangurs – færni til framtíðar“.

## Leikskólar

Seltjarnarnesbær rekur tvo leikskóla, Sólbrekku og Mánabrekku. Samtals eru í skólunum 9 deildir með 18–26 börnum á hverri deild. Alls stunduðu tæplega 200 börn nám í leikskólunum síðastliðinn vetur. Skólarnir eru nær einsetnir og voru samtals 172 börn eða 90% með 7–9,5 klukkustunda dvalartíma á dag, þar af eru 50 börn með 9–9,5 dvalarstundir á dag. Veruleg aukning hefur verið á dvalartímum leikskólanemenda frá árinu áður. Samanlagðar dvalarstundir voru 1.549. Haustið 2006 voru innrituð 64 ný börn í leikskólana, þau yngstu 18 mánaða gömul. Samtals fluttu 18 börn á leikskólaaldri á Seltjarnarnes á árinu og breytti það nokkuð inntöku yngri barna í leikskólana.
Leikskólar Seltjarnarness hafa um nokkurra ára skeið haldið úti heimasíðum á netinu. Þar geta foreldrar og aðrir áhugasamir aflað sér upplýsinga um leikskólana og kynnt sér það sem í boði er. Heimasíðurnar hafa verið endurbættar og samræmdar heimasíðu bæjarins og í könnun sem gerð var á vegum Seltjarnarnesbæjar eru heimsóknir á heimasíður leikskólanna flestar.
Fagfólki leikskólanna fjölgaði á síðastliðnu ári. Endur- og símenntun leikskólastarfsfólksins var öflug á síðasta ári eins og undanfarin ár. Mikil og góð samvinna er við skólaskrifstofur þriggja nágrannasveitarfélaga um námskeið og fyrirlestra fyrir starfsmenn, en alls voru í boði 17 fyrirlestrar á síðastliðnu starfsári. Starfsfólk leikskóla Seltjarnarnesbæjar hefur verið mjög áhugasamt um þá fræðslu sem hefur verið í boði og hafa námskeið og fyrirlestrar verið vel sótt af þeirra hálfu.
Leikskólafulltrúi og stjórnendur leikskólanna unnu drög að jafnréttisáætlun fyrir alla þá sem eiga hlut að máli leikskólanna á Seltjarnarnesi þ.e. börn, foreldra og starfsfólk leikskólanna. Starfsmenn leikskólanna hafa verið öflugir í umræðunni um jafnréttismál og hvernig þau snúa að börnum og foreldrum barnanna auk þess sem jafnrétti starfsfólks var rætt.
Leikskólar Seltjarnarness hafa vakið athygli fyrir öflugt tónlistarstarf, mikla grósku í myndmennt og listsköpun, góðan stuðning við börn með þroskafrávik auk sérstakra málörvunarhópa. Má því með sanni segja að skólayfirvöld á Seltjarnarnesi sýni mikinn metnað í rekstri leikskóla og hafi með ýmsu móti gengið lengra en nágrannasveitarfélögin í þeim efnum. Í því sambandi má nefna samstarf leikskólanna við tónlistarskólann sem hefur gefist afar vel mörg undanfarin ár en það felst í því að tónmenntakennari kemur tvisvar í viku í leikskólana og heldur uppi öflugri kennslu á öllum deildum. Með slíkri samvinnu er lagður grunnur að frekari tónmennt barna á Seltjarnarnesi.
Í öðru lagi er starfandi leikskólakennari í listaskálum beggja leikskólanna en þeir hafa yfirumsjón með myndmennt og listsköpun barnanna. Þessi tilhögun hefur auðgað starf leikskólanna og skilað börnunum auknum þroska; því öll sköpun örvar samkennd, samvinnu og þjálfar alhliða persónuþroska barna.
Í þriðja lagi er stutt vel við börn sem eru með einhver frávik í þroska, þar sem leikskólarnir hafa aðgang að talmeinafræðingi, sálfræðingi og iðjuþjálfa, auk fagfólks leikskólanna. Þá má geta þess að leikskólakennari vinnur með börn, sem þess þurfa, í málörvunarhópum alla daga vikunnar í báðum leikskólunum.
Á eldri deildum leikskólanna er unnið lífsleikniverkefnið „Stig af stigi“ sem einnig er unnið með yngstu bekkjum Mýrarhúsaskóla. Með verkefni þessu er unnið að ákveðinni samfellu skólastiganna, þar sem börnin í leikskólunum











fara í gegnum ákveðin verkefni og fræðslu sem síðan er haldið áfram með upp í grunnskóla. Samstarf skólastiganna hefur eflst á undanförnum misserum og er stefnt að enn frekara samstarfi. Gefin var út sérstök námskrá fyrir 5 ára börn í leikskólunum í samstarfi leikskólakennara á elstu deildum leikskólanna, leikskólastjóra, grunnskólakennara, leikskólafulltrúa og formanns skólanefndar.
„Íslenski þroskalistinn – skimun á ýmsum þroskaþáttum“ og „HLJÓM – greining á hljóðkerfis- og málvitund barna“ eru lögð fyrir öll börn í elsta árgangi leikskólanna. Markmiðið er að greina frávik í þroska svo leikskólinn geti sem best komið til móts við þarfir hvers barns.
Þróunarverkefni fóru af stað í báðum leikskólunum á árinu. Mánabrekka hlaut styrk frá menntamálaráðuneytinu til að vinna að verkefninu „Náttúran – uppspretta sköpunar og gleði“ og Sólbrekka fékk styrk frá Seltjarnarnesbæ til að vinna að verkefninu „SMT – skólafærni“. Seltjarnarnesbær styrkti íþróttakennslu fyrir öll börnin í elsta árgangi (börn fædd 2001) beggja leikskólanna, en kennslan fór fram í Íþróttahúsi Seltjarnarness undir handleiðslu íþróttakennara og þjálfara.
Á árinu hófst samstarf við Myndlistaskólann í Reykjavík en öll börnin í næst elsta árgangi (börn fædd 2002) leikskólanna sóttu myndlistarskólann heim einu sinni í viku og fengu að njóta kennslu myndlistarkennara skólans. Seltjarnarnesbær styrkti þetta framtak með myndarlegum hætti.
Öllum börnum er skylt að taka 4 vikna samfellt sumarleyfi en sú nýbreytni var tekin upp á síðastliðnu sumri að foreldrum var boðið að nýta leikskólann fyrir börn sín ef lokunartíminn hentaði ekki þ.e. að undanskildum tveimur vikum þar sem báðir leikskólarnir eru lokaðir samtímis. Þótti þetta gefast afar vel.
Í apríl var gerð rafræn starfsmannakönnun í báðum leikskólunum. Könnunin var gerð af Outcome – Vefur samskiptalausnir ehf. Spurt var um líðan starfsmanna í leikskólunum, starfsandann, stjórnun skólanna, stuðning í starfsmannahópnum, samskipti o. fl. þætti. Nær 90% starfsmanna tóku þátt í könnuninni og voru niðurstöður mjög jákvæðar.
Á síðastliðnum þremur árum hefur gæsluvöllurinn verið starfræktur á leikskólalóðunum á þeim tíma sem leikskólarnir hafa verið lokaðir. Hefur þessi tilhögun gefist afar vel og meiri aðsókn hefur verið á völlinn en áður. Nokkrir starfsmenn leikskólanna hafa unnið tímabundið á gæsluvellinum og þekkja því börnin, foreldrar hafa því nýtt gæsluvöllinn vel í sumarlokun leikskólanna. Gæsluvöllurinn hefur einnig komið sér vel fyrir yngri börnin sem eru að stíga sín fyrstu skref í leikskólaumhverfinu, þar kynnast þau leiksvæðinu og jafnvel öðrum leikskólanemendum.

## Mánabrekka

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) eru sex námssvið leikskóla tilgreind. Þau eru: Málrækt, myndsköpun, náttúra og umhverfi, tónlist, hreyfing, menning og samfélag. Mánabrekka hefur verið fánaberi í náttúru- og umhverfisvernd á Seltjarnarnesi og hlotið viðurkenningu fyrir. Skólinn náði því markmiði í desember 2004 að draga Grænfánann að húni til næstu tveggja ára. Þann 1. desember 2006 var umboð fyrir Grænfánann endurnýjað til næstu tveggja ára. Um er að ræða alþjóðlegt verkefni sem ber heitið „Foundation for Environmental Education“ eða „FEE“ og er stjórnað af Landvernd á Íslandi, en 28 þjóðir eiga aðild að verkefninu. Örfáir leikskólar á Íslandi hafa rétt til að bera Græn fána. Í Mánabrekku voru framkvæmdir með minna móti á síðasta ári utan almenns viðhalds, svo sem hreingerninga og bónunar. Á útileiksvæði var skipt um sand í sandkassa, leiktæki voru máluð og fleiri minniháttar lagfæringar. Mánabrekka hélt upp á 10 ára afmæli sitt í nóvember 2006. Mikið var um dýrðir í skólanum og bárust skólanum góðar gjafir.

## Sólbrekka

Sólbrekka hefur verið í fararbroddi í gerð aldursskiptrar námskrár. Lögð hefur verið áhersla á að skilgreina öll námssvið leikskólans, samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) og gera grein fyrir áhersluþáttum á hverju aldursstigi fyrir sig. Félag leikskólakennara hefur einmitt sett það á oddinn í stefnu sinni að aldursskipta námskrám leikskóla. Einkunnarorð leikskólans Sólbrekku eru „Leikum og lærum“ en helsta námsleið yngri barna er einmitt leikurinn, hann er námsleið barnsins og kennsluaðferð leikskólakennarans og því hornsteinn leikskólastarfsins og aðalhugmyndafræði um leikskólastarf.
Í Sólbrekku voru framkvæmdir með minna móti á síðasta ári utan almenns viðhalds. Leikskólinn var málaður að utan og minniháttar lagfæringar voru gerðar á útileiksvæði s.s. skipt um sand í sandkössum, leiktæki máluð og fleira.
Sólbrekka hélt upp á 30 ára afmæli sitt í október og héldu börn, starfsmenn og foreldrar upp á það með veglegum hætti. Leikskólanum bárust margar góðar gjafir og má þar nefna stóran bát sem komið verður fyrir í norðurgarði leikskólans.



## Grunnskóli Seltjarnarness

Haustið 2006 voru 673 nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness. Alls voru 353 nemendur í 1.–6. bekk í samtals 19 bekkjardeildum og 320 nemendur í 16 bekkjardeildum í 7.–10. bekk.
Síðastliðið sumar var áfram unnið að gagngerum endurbótum á Mýrarhúsaskóla. Önnur hæð skólans var endurnýjuð á glæsilegan hátt en fyrirhugað er að endurbótum á húsnæðinu ljúki árið 2008.
Mötuneytið í Mýrarhúsaskóla hefur verið starfrækt í tæplega þrjú ár og eru nemendur, foreldrar og starfsmenn ánægðir með útkomuna og eru um 95% nemenda í fastri mataráskrift. Frá haustinu hefur nemendum verið boðið upp á mjólk, ávexti og grænmeti daglega. Matseðlar eru nú að mestu samræmdir en það er gert til að þjóna fjölskyldum á Seltjarnarnesi betur.
Kennarar í Grunnskóla Seltjarnarness hafa verið á námskeiði um námsmat og hafa margir kennarar gert tilraunir með breytt fyrirkomulag námsmats í vetur. Fyrirhugað er að vinna frekar úr þeim tilraunum sem gerðar hafa verið í vetur með námsmat og festa það í sessi í skólanámskrá sem best hefur reynst.

### Yngsta stig, 1.–3. bekkur, miðstig, 4.–6. bekkur

Við endurnýjun á annarri hæð Mýrarhúsaskóla voru sex kennslustofur endurnýjaðar og stækkaðar. Tvö ný salerni voru útbúin. Settir voru skjávarpar í allar stofur á hæðinni og nýjar smart-töflur í allar stofur. Aðstæður og búnaður í skólanum fyrir upplýsingatækni er því gjörbreyttur frá því sem áður var.
Samstarfið milli leik- og grunnskóla hefur aukist á undanförnum árum. Deildarstjóri yngra stigs í grunnskólanum er tengiliður milli skólastiga. Samstarfið felst meðal annars í heimsóknum leikskólabarna í 1. bekk og heimsókn nemenda í 1. bekk í leikskóla. Þessum heimsóknum hefur nú verið fjölgað til muna. Ennfremur eru haldnir reglulegir fundir deildarstjóra yngra stigs grunnskólans og deildarstjóra elstu deilda leikskólans. Áfram er unnið að samræmingu námsefnis á milli skólastiganna.
Nemendur tóku nú sem endranær þátt í fjölmörgum verkefnum og fóru í margar og fjölbreyttar vettvangsferðir. Þeir gróðursettu trjáplöntur í landsvæði bæjarfélagsins við Bolöldu austan Sandskeiðs. Í desember tók skólinn þátt í verkefni sem heitir „Jól í skókassa“ en það er söfnunarátak sem KFUM og K og SOS barnahjálpin stóðu fyrir. Um 200 kassar söfnuðust en þeir voru sendir til sjúkrahúsa og munaðarleysingaheimila í





fátækustu héruðum Úkraínu.
Aðsókn í Skólaskjólið hefur aukist og eru nú um 110 nemendur skráðir í það. Verkefnaval nemenda verður sífellt fjölbreyttara og í vetur er nemendum í 1. og 2. bekk kennd enska einu sinni í viku. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á lengda viðveru hjá 4. bekkingum næsta skólaár, þ.e. 2007–2008.
Enskukennsla var tekin upp í 3. bekk í fyrsta skipti á skólaárinu og fengu nemendur tvær kennslustundir á viku. Námsefni var keypt beint frá Danmörku.
Tekin var upp sú nýbreytni að kenna nokkrar verkgreinar í lotukerfi sem merkir að nemendur fá upp að 4 kennslustundum í greininni í viku en kennslan nær yfir styttra tímabil. Með þessu móti er hægt að kynna nemendum fleiri námsgreinar og afköstin verða meiri með fleiri samfelldum tímum í senn. Fyrirkomulagið hefur reynst vel og verður því haldið áfram næsta vetur.
Unnið hefur verið að sameiningu skólanámskráa yngsta-, mið- og efsta stigs sl. mánuði. Ritstjóri var valinn Haraldur Finnsson fv. skólastjóri og Fanney Snorradóttir kennari í Mýrarhúsaskóla hefur unnið að framkvæmdinni.
Gott samstarf hefur verið áfram við foreldraráð grunnskólans og hafa skólastjórnendur fundað mánaðarlega með ráðinu.
Frá sl. hausti hefur Edda Óskarsdóttir gegnt stöðu deildarstjóra í sérkennslu í grunnskólanum. Fyrirkomulagið hefur reynst vel enda skapar þetta betri yfirsýn stjórnandans og meiri samfellu í námi nemenda.
Fjárhagsáætlun grunnskólans er í fyrsta skipti eftir sameiningu Mýrar- og Valhúsaskóla í einu lagi og skapar það hagræðingu af ýmsu tagi. Úthlutun á kvóta frá Námsgagnastofnun er í ár 2007 í fyrsta skipti í einum pakka til grunnskólans frá stofnuninni sem skapar jafnframt hagræði og betri nýtingu fjármagns.
Fulltrúar á vegum menntamálaráðuneytis komu í skólann í aprílmánuði til að leggja mat á sjálfsmats aðferðir skólans, þegar þetta er ritað hafa skriflegar niðurstöður ekki borist en vitað er að skólinn stóðst prófið með ágætum.
Á vordögum 2007 komu tveir danskir kennarar ásamt 8 nemendum frá Skogvangsskolen í viku heimsókn í skólann. Samskipti hafa verið á milli kennara og nemenda skólanna frá því að kennarar frá Grunnskóla Seltjarnarness heimsóttu skólann á s.l. vori.

### Elsta stig, 7.–10. bekkur

Á árinu var lokið við endurnýjun bókasafns Valhúsaskóla. Verkið





sem var mjög umfangsmikið tókst vel og er vinnuaðstaða nemenda í skólanum með því besta sem þekkist. Nú má heita að skólinn hafi allur verið endurnýjaður á undanförnum árum en aðeins er eftir að ganga frá mötuneyti nemenda.
Fastir viðburðir í skólastarfinu gengu vel en af þeim helstu má telja framhaldsskólakynningar, Rótarýsund, skíðaferðalög, Þórsmerkurferð 10. bekkinga, sameiginlega haustferð allra nemenda skólans, starfskynningar og síðast en ekki síst hina hefðbundnu 1. desemberhátíð 10. bekkinga sem var stórglæsileg að vanda.
Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskóla. Leiðbeinandi í nýsköpun hélt stutt námskeið fyrir nemendur. Nemendur tóku síðan þátt í keppni sem fólst í því að setja fram hugmyndir að uppfinningu og leggja fram fyrstu drög að hugmynd. Nemendum 7. bekkjar var einnig boðið á myndlistarsýninguna „Eiland” sem var í Gróttu síðastliðið sumar.
Ýmsir aðilar heimsóttu Valhúsaskóla ýmist til að fræða eða til að fræðast. Nefna má að danskir kennaranemar heimsóttu skólann og veittu áheyrn og kennslu. Marita-forvarnarstarf var kynnt fyrir nemendum og foreldrum í 9. bekk og fræðslufundurinn „Vitund og vakning foreldra“ var á dagskrá að tilstuðlan foreldrafélagsins.

## Tónlistarskóli Seltjarnarness

Fjöldi nemenda í hefðbundnu tónlistarnámi í Tónlistarskóla Seltjarnarness skólaárið 2004–2005 var 260 nemendur en að auki fá allir fjögurra, fimm og sex ára nemendur tónlistarfræðslu.
Tónleikar voru haldnir með hefðbundnu sniði á þriggja vikna fresti í sal skólans. Einnig voru haldnir jóla- og vortónleikar í Seltjarnarneskirkju svo og tónleikar fyrir lengra komna nemendur. Skólinn býður 7 og 8 ára forskólanemendum og foreldrum þeirra á hljóðfærakynningu og svara kennarar fyrirspurnum varðandi hljóðfæranámið.
Skólalúðrasveit Seltjarnarness, B–sveit, sem í eru börn á aldrinum 10–15 ára, hélt í lok júní í vikuferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Megin markmið ferðarinnar var að taka þátt í lúðrasveitakeppni á tónlistarhátíð í Gautaborg, Göteborg Music Festival. Á tónlistarhátíðinni var keppt í ýmsum greinum lúðrasveitatónlistar og í mismunandi aldursflokkum. Það er skemmst frá því að segja að Seltirningar sigruðu í sínum flokki og fékk sveitin mjög góða umsögn frá dómurum keppninnar. Nemendur B og C sveita héldu sína árlegu jólatónleika





í Seltjarnarneskirkju en að þessu sinni var boðið upp á klassísk verk og var húsfyllir á tónleikunum og dagskráin öll til fyrirmyndar. Ánægjulegt er að geta þess að Ríkisútvarpið hljóðritaði þessa eftirminnilegu tónleika.
Tónlistarskóli Seltjarnarness í samvinnu við elstu meðlimi lúðrasveitarinnar æfði söngleik undir stjórn leikaranna Atla Þórs Albertssonar og Bryndísar Ásmundsdóttur. Unnið var að leikgerð upp úr kvikmyndinni „The Commitments“ sem gerð var eftir sögu Roddy Doyle og varð geysivinsæl þegar hún var frumsýnd árið 1991. Nemendur úr C sveitinni sáu um söng og hljóðfæraleik. Hannes Páll Pálsson sá um leikmynd og Kári H. Einarsson æfði og stjórnaði hljómsveitinni. Sýningar voru þrjár í Félagsheimili Seltjarnarness í byrjun apríl. Þann 27. janúar 2006 voru liðin 250 ár frá fæðingu eins merkasta snillings tónlistarsögunnar, Wolfgangs A. Mozarts. Um allan heim var þessara tímamóta minnst og víða var allt árið helgað flutningi verka hans. Í tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi voru haldnir tónleikar þar sem eingöngu voru leikin verk eftir Mozart og tók skólinn þar með þátt í að heiðra minningu þessa mikla tónskálds.

## Bókasafn Seltjarnarness

Bókasafn Seltjarnarness er opið allt árið um kring, mánudaga til föstudaga frá klukkan 10–19. Opið var á laugardögum frá október fram í apríl frá klukkan 11–14.
Lánaðar eru út bækur og tímarit, myndbönd, geisladiskar, tungumálanámskeið, sögusnældur og margmiðlunarefni. Safnkostur Bókasafns Seltjarnarness var við árslok 2006 alls 48.528 eintök. Safnið er aðili að gagnagrunninum hvar.is, sem veitir aðgang að fullum texta greina úr fleiri en 14.000 tímaritum auk útdrátta úr greinum úr yfir 6.000 tímaritum, 12 gagnasöfnum, fullum texta yfir 10.000 greiningarskýrslna og 500 rafbóka. Er þetta mikil viðbót við sjálfan safnkostinn og nýtist vel við heimildaleitir og upplýsingaþjónustu.
Safnið er með samstarfssamning við skólasafn Grunnskóla Seltjarnarness, Borgarbókasafn og Bókasafn Mosfellsbæjar. Bókasafnið tekur einnig þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum svo sem vefbókasafni, samstarfshópi barnabókavarða, samstarfi forstöðumanna almenningsbókasafna og samstarfi um safnkost fyrir innflytjendur.
Bókasafn Seltjarnarness er menningarstofnun auk þess að sinna útlánum og upplýsingaþjónustu. Fjölmargar sýningar voru settar upp á árinu, en einnig var efnt til upplestra og uppákoma ýmiskonar. Fjölnotasalurinn hýsti nokkrar








sýningar en aðrar voru settar upp í almennu rými safnsins. Haldnir voru fundir og ráðstefnur í fjölnotasal bæði á vegum Seltjarnarnesbæjar og ýmissa félagasamtaka. Salurinn og safnið er töluvert notaður fyrir móttökur á vegum bæjarins. Umsjón með sýningum og viðburðum í safninu hefur Herdís Tómasdóttir.

### Menningarnefnd

Bæjarlistamaður 2006 var útnefndur í upphafi árs við hátíðlega athöfn sem fram fór á Bókasafni Seltjarnarness. Nafnbótina hlaut Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona.
Menningarnefnd keypti á árinu verk eftir Gunnlaug Scheving en myndverkið er olía á striga, málað 1954 og sýnir vesturhluta Seltjarnarness á björtum og vindasömum degi. Málverkinu hefur verið fundinn staður á bæjarskrifstofum.
Viðurkenning til nemanda fyrir framlag til menningar og lista við útskrift úr 10. bekk Grunnskóla Seltjarnarness var veitt í fyrsta skipti síðasta vor. Viðurkenningin er hugsuð sem hvatning fyrir þann eða þá sem í hlut eiga en einnig sem hvati fyrir enn öflugra menningarstarf í skólanum. Viðurkenninguna hlaut Þórhildur Sunna Jóhannsdóttir fyrir hönnun og myndlist.
Góð þátttaka var í Jónsmessugöngu þrátt fyrir fremur leiðinlegt veður að þessu sinni. Fyrir göngunni fóru Heimir Þorleifsson sagnfræðingur og Margrét Auðuns Hermannsdóttir fornleifafræðingur. Heimir fræddi göngufólk um útgerðarsögu bæjarins og Margrét sagði frá fornleifauppgreftri á vestanverðu Seltjarnarnesi. Í lok göngunnar bauð menningarnefnd upp á þjóðlegar veitingar. Kvöldinu lauk að venju með harmonikkuleik og kröftugum fjöldasöng við fjörubál.
„Eiland – 5 listamenn í Gróttu" var nýstárleg sýning sem Friðrik Örn Hjaltested ljósmyndari hafði frumkvæði að og umsjón með. Sýningin var haldin í samstarfi við menningarnefnd og Seltjarnarnesbæ. Listamennirnir voru auk Friðriks, Ragnar Kjartansson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson og Haraldur Jónsson. Hrafnhildi Sigurðardóttur, leikskólafulltrúa og umsjónarkonu Fræðaseturs í Gróttu, var falin umsjón með verkefninu af bæjarins hálfu. Einnig kom formaður menningarnefndar að vinnunni.
Sýningin stóð í u.þ.b. 7 vikur en daglegur opnunartími réðst af flóði og fjöru. Samkvæmt vefmyndavél sem staðsett var í Fræðasetrinu á meðan á sýningu stóð reiknast að gestir hafi verið rúmlega 8 þúsund. Kaffihús sem starfrækt var í Fræðasetrinu þessar vikur var einnig mjög vel sótt. Þá var umfjöllun um sýninguna bæði mikil og jákvæð.

Menningarmót var haldið 11. nóvember á Bókasafni Seltjarnarness. Með menningarmóti hófst markviss vinna að menningarstefnu fyrir Seltjarnarnes. Þrátt fyrir að þátttakendur á mótinu hefðu mátt vera fleiri var vinnan kraftmikil og fjörleg. Stefnumótunarvinnunni var skipt upp í þrjá flokka: 1) uppeldis- og afþreyingarmenning 2) stærri viðburðir og starfandi listamenn 3) saga og safnastarfsemi. Unnin var markviss greiningarvinna á vandamálum, draumum og lausnum er snertu viðkomandi málaflokk.
Þrír fulltrúar menningarnefndar hafa síðan, ásamt bæjarbókaverði, unnið áfram með niðurstöður menningarmóts. Mótun menningarstefnu Seltjarnarness er því vel á veg komin.
Málefni Náttúrugripasafns voru enn til umræðu en hluti þess var fluttur á Bókasafn Seltjarnarness árið 2005. Safnið er því tvískipt á milli bókasafnsins og Valhúsaskóla. Menningarnefnd hefur mælst til þess við bæjarstjórn að allt safnið fái fastan samastað í fjölnotasal bókasafnsins. Í staðinn fengi bókasafnið það rými sem nú stendur autt á þriðju hæð hússins við Eiðistorg. Þriðja hæðin myndi nýtast undir fjölnotasal, lesstofur og vinnurými bókasafnsfræðinga.
Þá mælti menningarnefnd með samstarfi við margmiðlunarfyrirtækið Gagarín um hönnun á gagnvirkri upplýsingaveitu á tölvuskjám sem innihalda m.a. upplýsingar um viðburði, náttúru, menningu og minjar á Seltjarnarnesi.
Stefnt er að því koma upp tölvustöndum (kíoskum) á fjölförnum útivistarstöðum bæjarins. Tækni þessi býður upp á ótal möguleika, er auðveld í notkun og aðgengileg. Fræðslu- og upplýsingagildi slíkra tölvustanda er einnig líklegt til að nýtast ekki aðeins gestum og gangandi heldur einnig til kennslu barna og ungmenna. Þá mæltist nefndin til þess að efnið yrði líka aðgengilegt á heimasíðu bæjarins.
Menningarnefnd veitti styrki til ýmiskonar menningarstarfs á árinu, bæði einstaklingum og hópum. Meðal styrkþega má nefna Selkórinn, Leiklistarfélag Seltjarnarness og Lúðrasveit Seltjarnarness vegna uppfærslu á söngleiknum „The Commitment". Í lok ársins hófst undirbúningur Menningarhátíðar 2007 sem haldin var dagana 8.–10. júní 2007. Lokaverkefni nefndarinnar fyrir áramót var að velja bæjarlistamann fyrir árið 2007.



## Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðssvið

Íþróttamiðstöðin v/Suðurströnd, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5611 700 Bréfsími: 5611 560
Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is
Veffang: www.seltjarnarnes.is
Afgreiðslutími: virka daga frá kl. 8:45–16:00
Framkvæmdastjóri: Haukur Geirmundsson



### Starfsemi sviðsins

Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðssvið Seltjarnarnesbæjar er annar stærsti málaflokkur bæjarfélagsins með um 16% hlutdeild í rekstrargjöldum bæjarfélagsins og heyrir undir íþrótta- og tómstundaráð Seltjarnarness. Nýbúið er að breyta nafni ráðsins úr Æskulýðs- og íþróttaráði (ÆSÍS) í Íþrótta- og tómstundaráð Seltjarnarness (ÍTS). Það er skipað 5 fulltrúum en daglegur rekstur málaflokksins er í höndum framkvæmdastjóra sviðsins sem hefur aðsetur í íþróttamiðstöðinni. ÍTS heldur fundi einu sinni í mánuði þar sem málefni málaflokksins fá afgreiðslu. Þessi málaflokkur hefur verið stigvaxandi á undanförnum árum og stefnan er aldrei endanleg því hún mótast af þörfum bæjarbúa sem eru síbreytilegar í takt við breytt samfélag, sem kallar á stöðugt aukna þjónustu.

### Íþróttamiðstöð Seltjarnarness

Til Íþróttamiðstöðvar Seltjarnarness teljast íþróttasalir, sundlaug og knattspyrnuvellir. Vinna við gerð aðal- og deiliskipulags bæjarins tengist íþróttamiðstöðinni mikið en segja má að svæðið í kringum hana sé miðdepillinn í nýju deiliskipulagi. Íþróttamiðstöðin hefur verið í stöðugri þróun til þess að mæta auknum kröfum í heilsurækt á öllum aldursstigum. Mikil sérstaða liggur í því að hafa þjónustu grunnskólabarna alla á einum bletti og það skapar mikið öryggi fyrir foreldra að börn þeirra geti sinnt skóla og tómstundum á sama svæðinu. Í tímatöflu Gróttu er reynt eftir fremsta megni að tryggja að yngstu hóparnir geti stundað æfingar sínar í beinu framhaldi af skóla. Starfsfólk íþróttamiðstöðvar reynir eftir fremsta megni að aðlaga þjónustuna að breytilegum þörfum þjónustuþega og meginmarkmiðið er að veita sem skilvirkasta þjónustu en um leið hagræðingu í rekstri. Það er hlutverk ÍTS að stuðla að því að sem flestir nýti sér frítímaþjónustu bæjarins og gera hana eins sýnilega og mögulegt er.

### Íþróttahús

Stöðug aukning iðkenda í þremur deildum Gróttu hefur orðið til þess að íþróttahúsið er fullnýtt frá morgni til kvölds. Fyrri hluta dagsins nýta skólarnir húsið og síðan tekur Grótta við fram eftir kvöldi. Þá tíma sem Grótta nýtir ekki er almenningi gefinn kostur á að leigja til miðnættis. Á árinu voru 270 tímar til ráðstöfunar á viku í 3 íþróttasölum. Grótta nýtti 185 tíma, skólarnir 62 tíma og almenningur 23 tíma.
Starfsemi íþróttahúsins er fjölbreytt og gegnir húsið að mörgu leyti hlutverki félagsmiðstöðvar yngri barna sem þangað koma beint úr skóla og fara á æfingar eða bíða eftir að æfingar hefjist. Biðtímann nota þau til þess að borða nesti, vinna heimalærdóm, spila á spil eða horfa á sjónvarp. Þetta er enn ein viðbótin við þjónustu íþróttamiðstöðvarinnar. Krakkarnir eru þakklátir fyrir að þurfa ekki að bíða úti í vetrarnepjunni og foreldrar ánægðir með að vita af barninu í öruggu umhverfi.
Allar viðhaldsframkvæmdir voru í lágmarki árið 2006. Aðkoma íþróttahússins verður lagfærð samhliða frágangi vegna afsløppunar og endurnæringar í heitum pottum og gufu. Einnig er boðið upp á sundnámskeið og fría vatnsleikfimi ásamt því að sunddeild KR hefur haft æfingaaðstöðu við laugina.

Ekki hefur tekist að ráða í allar stöður starfsmanna íþróttahússins og er álag á starfsfólki því mikið, en von er að úr rætist.

### Sundlaug

Sundlaugin hefur verið einn af miðpunktum bæjarlífsins frá því hún var opnuð árið 1984. Þangað kemur fólk ekki aðeins til þess að synda, heldur eru margir sem nýta sér laugina til afslöppunar og endurnæringar í heitum pottum og gufu. Einnig er boðið upp á sundnámskeið og fría vatnsleikfimi ásamt því að sunddeild KR hefur haft æfingaaðstöðu við laugina. Alls heimsóttu um 80 þúsund gestir sundlaugina þá 7 mánuði sem hún var opin á árinu. Opnað var í lok maí eftir gagngerar endurbætur og gestum boðið frítt í sund í viku. Þrátt fyrir örlitla byrjunarörðuleika er mikil ánægja með breytingarnar. Má þar helst nefna barnaaðstöðuna, eimbaðið sem þykir einstaklega vel heppnað og síðast en ekki síst nuddpottinn sem kemur mjög vel út og fær mikið lof notenda fyrir gott nudd og uppfyllir kröfur þeirra sem vilja sameina pott og sól. Starfsfólk sundlaugar stefnir að því að gera góða laug betri og eru mörg atriði í stöðugri endurskoðun svo hægt sé að mæta þörfum gesta. Framundan er bygging heilsuræktar á vegum World Class og mun rísa hér glæsilegt mannvirki þar sem starfrækt verður fullkomin heilsurækt ásamt baðstofu og smærri íþróttasölum.

### Knattspyrnuvellir

Tveir knattspyrnuvellir í fullri stærð eru á Seltjarnarnesi, nýr og glæsilegur gervigrasvöllur við Suðurströnd sem tekinn var í notkun á síðasta ári og grasvöllur á Valhúsahæð. Gervigrasvöllurinn er hinn glæsilegasti, með mjög vönduðu grasi



og ljósabúnaði. Hann er upphitaður og skiptist vallarsvæðið í keppnisvöll og æfingavöll. Hann mun þjóna öllum flokkum knattspyrnudeildar um ókomna framtíð, enda kominn tími á góða aðstöðu fyrir knattspyrnufólk á Seltjarnarnesi. Þeir tímar sem deildin notar ekki munu verða leigðir út til almennings. Fyrirhugað er að byggja stúku, búningsklefa og félagsaðstöðu við völlinn. Líklega verður Valhúsavöllurinn notaður sem æfingasvæði í framtíðinni. Þá er einn sparkvöllur á Lindarbraut og fyrirhugað er að byggja annan á lóð Mýrarhúsaskóla á næsta ári.

### Íþróttamenn Seltjarnarness 2006

Kjör íþróttamanna Seltjarnarness fór fram 23. janúar og var mikið fjölmenni saman komið af því tilefni í félagsheimilinu. Þetta kjör hefur verið árviss viðburður síðan 1993 í umsjón ÆSÍS sem vill með þessu vekja athygli á gildi íþrótta, stuðla enn frekar að öflugu íþróttalífi á Seltjarnarnesi og láta íþróttafólk vita að bæjarfélagið styður við bakið á því. Við sama tækifæri voru veittar viðurkenningar fyrir ungt og upprennandi íþróttafólk.
Íþróttamenn Seltjarnarness árið 2006 eru Lilja Jónsdóttir blakkona og Kári Steinn Karlsson frjálsíþróttamaður.

### Félagsmiðstöðin Selið

Starfsmenn Selsins á árinu 2006 voru 7 á vorönn og 7 á haustönn. Fjórir starfsmenn sem skiptu með sér 150% starfshlutfalli en þrír eru í 100% starfshlutfalli. Æskulýðsfulltrúi og forstöðukona Selsins er Margrét Sigurðardóttir.

Megin starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er yfir vetrartímann. Þá er megináhersla lögð á tómstundastarf unglinga s.s. böll, klúbbastarf, námskeið, fyrirlestra, forvarnarstarf, útvarpsútsendingar, ferðalög og fleira. Selið hefur alfarið umsjón með félagslífi nemenda á efsta stigi í Grunnskóla Seltjarnarness og er opið unglingum frá aldrinum 13–16 ára, þ.e. 8., 9. og 10. bekk. Yngri börn taka þó einnig þátt í starfinu að einhverju leyti. Sömuleiðis er í Selinu starf fyrir eldri borgara. Þá hafa ýmsir sérhópar nýtt sér Selið til ákveðinna verkefna, t.d. æfinga fyrir leikrit, tónlistaræfingar og kvikmyndaupptökur.
Nemendur kíkja gjarnan við í frímínútum og eru þeir ávallt velkomnir til skrafs og ráðagerða. 7. bekkur hefur einnig fastan tíma, m.a. eru haldin diskótek, spilað, föndrað, bingó og fleira. Nilsína Larsen Einarsdóttir, starfsmaður í Selinu, sér um kennslu í félagsmálafræði sem er valáfangi fyrir nemendur í 9. og 10. bekk Grunnskóla Seltjarnarness. Félagsmálafræðin er vinsæl





hjá nemendunum þar læra þeir m.a. hvernig á að skipuleggja félagslega viðburði, þá framkvæmd og ábyrgð sem þeim fylgir. Dagskrá félagslífs Selsins er unnin af nemendum sem stunda nám í félagsmálafræðum hjá Nilsínu.

Meðalmæting unglinga í Selið á dag voru um 54. Á haustönn sóttu 58 manns námskeið hjá Selinu. Heildarheimsóknir í Selið á árinu 2006 voru samtals um 6.500 gestir.

Foreldrarölti ð er starfrækt yfir vetrarmánuðina og er rölt á föstudags- og laugardagskvöldum. Skipulag þess sér starfsfólk Selsins um, í samvinnu við foreldrafélag Valhúsaskóla. Bekkjaráðsfulltrúar 8. 9. og 10. bekkjar fá úthlutað ákveðnum helgum en fulltrúarnir raða sjálfir foreldrum á vaktir og eru tengiliðir við Selið. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er nokkuð góð og er þátttaka í foreldraröltinu betri fyrir vikið.

Sumarnámskeið voru haldin fyrir 6–12 ára börn. Í boði voru leikja-, survivor- og knattspyrnunámskeið en einnig var boðið upp á smíðavöll sem er starfræktur í samstarfi við Steinunni Árnadóttur garðyrkjustjóra Seltjarnarness. Fyrsta leikja- og ævintýranámskeiðið af fjórum hófst svo 12. júní og enduðu námskeiðin 4. ágúst og stóð hvert námskeið yfir í tvær vikur. Í boði voru hálfs- og heilsdagsnámskeið en einnig var hægt að flétta knattspyrnunámskeiðum Gróttu inn í leikjanámskeiðin, þau voru haldin á morgnana.
Alls sóttu 424 börn námskeið þetta sumarið og var þátttaka því mjög góð.

Boðið var upp á þá nýjung að hafa opið á fimmtudagskvöldum í júní og júlí fyrir 13–16 ára unglinga. Reyndist sumaropnunin ágætlega og mættu að meðaltali 22 unglingar á kvöldi.

Selið vinnur að fjölbreyttum verkefnum í samvinnu við Vinnuskóla Seltjarnarness, Grunnskóla Seltjarnarness ásamt því að vera með ýmsa félagshópa sem fá aðstöðu til félagsstarfs.

Selið hefur haft umsjón með öskudagsskemmtun og 17. júní í samráði við Æskulýðs- og íþróttaráð og foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness. Haldnar voru tvær skemmtanir á öskudag sem heppnuðust vel. 17. júní voru hátíðahöld með hefðbundnu sniði þar sem Lúðrasveit Seltjarnarness leiddi skrúðgöngu og boðið var upp á fjölbreytta skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna á Eiðistorgi.



## Félagsþjónustusvið

Mýrarhúsaskóli eldri V/Nesveg, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959 130 Bréfsími: 5959 138
Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is
Veffang: www.seltjarnarnes.is
Afgreiðslutími: virka daga frá kl. 8:45–16:00
Framkvæmdastjóri/félagsmálastjóri: Snorri Aðalsteinsson

### Starfsmannahald

Starfsmenn á skrifstofu Félagsþjónustusviðs Seltjarnarness eru framkvæmdastjóri/félagsmálastjóri, félagsráðgjafi, öldrunarfulltrúi og ritari í hlutastarfi. Unglingaráðgjafi hefur einnig starfað á sviðinu frá 1. nóvember 2006. Á skrifstofu Félagsþjónustusviðs er veitt ráðgjöf, tekið við umsóknum um félagslega þjónustu, unnið úr þeim og lagt mat á þjónustuþörf. Skrifstofan er einnig starfsstöð barnaverndarnefndar.

### Félagsmálaráð

Félagsmálaráð starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og fer með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt barnaverndarlögum. Ráðið er skipað fimm aðalmönnum og fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Ráðið fundaði 10 sinnum á árinu.

### Fjölskyldustefna Seltjarnarness

Starfshópur sem bæjarstjórn skipaði til að vinna fjölskyldustefnu lauk störfum í apríl 2006. Fjölskyldustefna Seltjarnarness var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 12. apríl 2006.
Með fjölskyldustefnu Seltjarnarness er lagður hornsteinn að fjölskylduvænna samfélagi sem þjónar og tekur mið af þörfum íbúanna. Í stefnunni koma fram helstu markmið og skýrt er frá þeim leiðum sem farnar verða til að ná settum miðum.
Markmið stefnunnar eru m.a. að létta undir með fjölskyldum og hafa áhrif á umgjörð og velferð þeirra. Þá verður skapað styðjandi umhverfi fyrir foreldra til aðstoðar við barnauppeldi. Forvarnastarf verður sett á oddinn, ásamt eflingu almennra lífsgæða íbúa í samfélagi þar sem einstaklingar fá notið sín.

### Jafnréttismál

Sérstök þriggja manna jafnréttisnefnd var kjörin í kjölfar kosninganna í maí. Áður hafði undirnefnd félagsmálaráðs farið með verkefni jafnréttisnefndar. Jafnréttisnefnd vinnur að endurskoðun jafnréttisáætlunar Seltjarnarness. Nefndin hefur hvatt stærri vinnustaði bæjarins til að hefja gerð jafnréttisáætlana. Þá stóð nefndin fyrir fræðsluerindi fyrir starfsmenn grunnskólans um skólaþróun í þágu jafnréttisuppeldis drengja og stúlkna. Nefndin tók saman yfirlit yfir kynjaskiptingu í nefndum og ráðum hjá Seltjarnarnesbæ með tilliti til hvort sjónarmið beggja kynja fái notið sín í starfi nefndanna.



### Fjöldi þjónustuþega

Erindi sem berast Félagsþjónustusviði eru skráð í gagnagrunn sviðsins og bera starfsmenn ábyrgð á úrvinnslu erinda. Persónulegar upplýsingar eru trúnaðargögn og varðveitt þannig. Rík áhersla er lögð á að veita trausta og faglega þjónustu. Þá er reynt að mæta þörfum bæjarbúa eftir því sem lög, reglur og samþykktir kveða á um.
Á árinu bárust og unnið var úr 278 erindum fjölskyldna og einstaklinga sem leituðu eftir félagslegri þjónustu. Lögð er áhersla á að veita trausta og faglega þjónustu og reynt er að mæta þörfum bæjarbúa eftir því sem lög, reglur og samþykktir kveða á um.

### Barnavernd

Á árinu bárust 73 tilkynningar til starfsmanna barnaverndar. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglunni. Allar tilkynningar eru teknar til ítarlegrar athugunar hjá starfsmönnum barnaverndar. Leiði athugun starfsmanna í ljós að málið þarfnist frekari meðferðar, er gerð áætlun um hvernig áframhaldandi meðferð skuli vera framfylgt. Unnið var að málum 47 fjölskyldna á grundvelli barnaverndarlaga á árinu, er það aukning um 11 frá árinu áður. Úrræði í barnaverndarmálum fara eftir málsatvikum, en almennt er lögð áhersla á lausnarmiðaða málsmeðferð með stuðningi við börn og foreldra. Félagsráðgjafi sem sinnir unglingaráðgjöf og barnavernd hóf störf á árinu. Hann hefur haft reglulega viðveru í Valhúsaskóla og er þannig aðgengilegri fyrir þá unglinga sem þurfa á liðsinni að halda.

### Félagsleg ráðgjöf – fjárhagsaðstoð

Félagsleg ráðgjöf vegna mála af ýmsum toga var veitt 58 fjölskyldum. Af þeim sóttu 43 um fjárhagsaðstoð og 42 fengu samþykkta aðstoð. Flestir fengu fjárhagsaðstoð í formi styrkja en 5 fengu einnig fjárhagsaðstoð í formi láns. Til fjárhagsaðstoðar var varið 7.226.371 kr. Þar af voru beinir styrkir 6.772.242 kr. Útgjöld vegna lána voru 454.129 kr. að teknu tilliti til endurgreiðslna. Heildarútgjöld til fjárhagsaðstoðar voru um 1.650.000 kr. hærri en árið áður. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar sveiflast talsvert milli ára en hækkandi húsaleiga á almennum markaði á stærstan þátt í vaxandi útgjöldum þessa árs.

### Húsaleigubætur

Alls fengu 76 fjölskyldur greiddar húsaleigubætur á árinu en að meðaltali voru greiddar bætur til 56 aðila



um hver mánaðamót, sem er svipaður fjöldi og árið áður. Húsaleigubætur eru skattfrjálsar, en þær eru tekju- og eignatengdar. Fjárhæð bótanna fer eftir fjölskyldustærð og leigufjárhæð. Húsaleigubætur eru greiddar þeim sem leigja íbúðarhúsnæði, á það einnig við um nemendur sem leigja herbergi á nemenda- eða stúdentagörðum og íbúa á sambýlum fyrir fatlaða. Samtals var varið 8.788.038 kr. í bæturnar en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endurgreiddi bænum 4.815.845 kr. eða 54,8 %. Undanfarin ár hefur framlag sjóðsins verið undir 40% og var því mun hærra í ár en áður.

### Heimaþjónusta

Í upphafi ársins var byrjað að veita heimaþjónustu á kvöldin og um helgar til þeirra sem þurfa aðstoð utan dagtíma. Hefur sú þjónusta mælst vel fyrir og gert eldra fólki kleift að búa lengur heima en ella. Tveir starfsmenn á vöktum sinna þessari þjónustu. Einnig hefur samstarf við heimahjúkrun verið aukið. 108 heimili fengu þjónustu á árinu. Þjónustan er veitt öldruðum, öryrkjum og öðrum þeim sem ekki geta annast dagleg heimilisstörf. Veitt var þjónusta á 78 heimili aldraðra, 21 heimili öryrkja og á 9 önnur heimili. Á sumum þessara heimila er einnig veitt heimahjúkrun sem er á vegum heilsugæslunnar. Markmið heimaþjónustu er að gera öldruðum og öðrum sem eiga við veikindi eða fötlun að etja kleift að búa sjálfstæðri búsetu á eigin heimili. Starfsgildi voru að meðaltali 7,1 störf á mánuði.

### Ferðaþjónusta

Fatlaðir og aldraðir sem þurfa sértæka ferðaþjónustu fóru alls 8611 ferðir með ferðaþjónustubílum á árinu. Er það aukning um 660 ferðir frá árinu áður. Ferðum er úthlutað samkvæmt ákveðnum reglum og er hver umsókn metin með hliðsjón af fötlun og þörf á ferðafjölda. Notendur greiða sjálfir sem nemur fargjaldi með Strætó fyrir hverja ferð. Alls nýtti 41 einstaklingur sér ferðaþjónustu á árinu, af þeim voru 11 öryrkjar, 2 með ferðaþjónustu fyrir blinda, 6 fötluð börn og 19 ellilífeyrisþegar og auk þeirra 3 ellilífeyrisþegar sem fengu akstur til og frá dagvistinni á Seltjarnarnesi.

### Liðveisla við fatlaða

Liðveisla er veitt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Markmiðið með liðveislu er að rjúfa einangrun fatlaðra, gera þeim kleift að njóta menningar og afþreyingar og komast út á meðal fólks. Samtals fengu 16 aðilar liðveislu á árinu, 12 börn



og 4 fullorðnir. Erfiðlega gekk að manna störf í liðveislu og voru nokkrir á bið eftir þjónustu vegna manneklu. Starfsmenn í liðveislu eru allir í hlutastörfum. Alls störfuðu 20 manns við liðveislu á árinu, 11 konur og 9 karlar.

### Þjónusta við aldraða

Á Skólabraut 3 og 5 eru 38 íbúðir fyrir bæjarbúa, 65 ára og eldri. Flestar íbúðirnar eru eignaríbúðir en einnig eru þar nokkrar leiguíbúðir. Eigendaskipti urðu á fjórum íbúðum á árinu og ein leiguíbúð kom til endurleigu. Í Eiðismýri 30 eru 26 íbúðir fyrir 60 ára og eldri. Allar íbúðirnar þar eru eignaríbúðir. Húsverðir, sem eru starfsmenn bæjarins, sinna þjónustu við íbúa í þessum húsum.
Mötuneyti er starfrækt í þjónustukjarna á Skólabraut 5. Þar stendur eldra fólki til boða að fá keyptan heitan mat alla daga vikunnar í matsal. Alls voru afgreiddar 4590 skammtar og 1730 matarbakkar sendir heim til fólks sem ekki kemst í mat.
Í þjónustukjarna er boðið upp á leikfimi tvisvar í viku og boccia einu sinni í viku. Þar er hárgreiðslustofa opin einn dag í viku. Boðið er upp á fótsnyrtingu hjá fótaaðgerðafræðingi í íþróttamiðstöðinni. Sérbúið bað og aðstaða er fyrir þá sem þarfnast aðstoðar við böðun. Starfsmenn dagvistar annast ofangreinda þjónustu.
Félagsstarf aldraðra fer einnig fram í þjónustukjarna í íbúðum aldraðra. Margs konar handavinna, fræðsla og afþreying er í boði. Haldin eru námskeið í glerlist, leirmunagerð og fleiru. Í lok vetrar er haldin handavinnusýning sem hefur verið vel sótt. Einnig er boðið upp á ferðalög, óvissuferðir og leikhúsferðir.

### Dagvist aldraðra

Boðið er upp á dagvist fyrir aldraða á Skólabraut 5. Í september fékkst heimild fyrir 4 rýmum til viðbótar þeim 5 sem fengust í upphafi þegar starfsemin hófst í ársbyrjun 2005. Húsnæði dagvistarinnar stækkaði á árinu en íbúð á jarðhæð var tekin undir starfsemi hennar. Dagvistin er opin frá kl. 8–16 virka daga. Dagvistin þjónar einstaklingum sem búa einir og þurfa félagsskap, hvatningu, eftirlit og aðstoð. Boðið er upp á aðstoð við athafnir daglegs lífs, baðþjónustu, andlega og líkamlega örvun. Gestir fá mat í hádeginu auk morgun- og síðdegishressingar, þeim býðst einnig akstur til og frá dagvistinni. Á árinu dvöldu 11 í dagvistinni, allt konur. Meðaldvalarlengd var 7,8 mánuðir en 6,3 mánuðir árið áður. Tveir sjúkraliðar starfa við dagvistina. Þeir aðstoða einnig





aðra íbúa á Skólabraut sem þurfa aðhlynningu svo sem aðstoð við böðun.

### Vistunarmál aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra leggur mat á vistunarþörf í samráði við Heilsugæslustöð Seltjarnarness og félagsþjónustu bæjarins. Aldraðir Seltirningar voru 18 talsins sem metnir voru í þörf fyrir vistun á árinu. Af þeim 18 voru 14 metnir í þörf fyrir að fá vistun á hjúkrunarheimili en 4 í þörf fyrir dvalarheimili. Á árinu fengu 5 vistun, 3 í hjúkrunarrými og 1 í dvalarrými. Þá dvöldu nokkrir tímabundið á sjúkrastofnunum á meðan beðið var eftir plássi á hjúkrunarheimili.
Seltjarnarnesbær á 14 rými á hjúkrunarheimilinu Eir og 3 rými á Hrafnistu í Reykjavík. Undirbúningi að byggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóð í samvinnu við Reykjavíkurborg miðar vel áfram og er gert ráð fyrir að það rísi á árunum 2008–2009.

### Félagsleg húsnæðismál

Félagssvið hefur umsjón með umsóknum og úthlutunum leiguíbúða í eigu bæjarins. Flestar íbúðirnar eru tveggja herbergja en einnig eru nokkrar stærri íbúðir. Ein leiguíbúð bættist við á árinu og leigjendaskipti urðu í tveimur íbúðum. Bærinn á 12 leiguíbúðir, þar af 3 íbúðir fyrir aldraða á Skólabraut 5.

### Áfengis- og vímuefnavarnir/forvarnir

Fjölskipaður samráðshópur, með fulltrúum frá félagsþjónustu, félagsmiðstöð, lögreglu, kirkju, heilsugæslustöð og flestöllum stofnunum bæjarfélagsins sem sinna börnum og unglingum, hittist reglulega nokkrum sinnum á ári til að marka stefnu og aðgerðir í vímuvörnum. Hópurinn hefur starfað í 11 ár. Gerður var samningur til þriggja ára við Rannsóknir og greiningu um að gera árlegar kannanir á högum og líðan ungs fólks í Seltjarnarnesbæ.

## Tækni- og umhverfissvið

Bygggörðum 1, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959 180 Bréfsími: 5959 187
Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is
Veffang: www.seltjarnarnes.is
Afgreiðslutími: virka daga frá kl. 8:45–16:00
Framkvæmdastjóri: Einar Norðfjörð
Bæjartæknifræðingur: Haukur Kristjánsson

### Skipulagsmál

Árið 2006 var viðburðaríkt á sviði skipulagsmála á Seltjarnarnesi. Auglýst var tillaga að aðalskipulagi Seltjarnarness 2006–2024 í desember sama ár. Tillagan lá frammi til kynningar þar til athugasemdafresti lauk 27. janúar 2006. Tillaga að aðalskipulagi Seltjarnarness 2006–2024 var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn 22. febrúar 2006. Þann 16. maí staðfesti og undirritaði Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra aðalskipulagið. Þar með lauk umfangsmiklu skipulagsferli sem hófst með afar fjölmennu og vel heppnuðu íbúaþingi haustið 2002. Umsjón með gerð aðalskipulagsins hafði ráðgjafafyrirtækið Alta ehf.
Í framhaldi af samþykkt aðalskipulagsins var hafist handa við gerð deiliskipulags Hrólfsskálamels og skóla- og íþróttasvæða. Til verksins var ráðin arkitektastofan Hornsteinar og verkfræðistofan VSÓ. Tillaga að deiliskipulagi Hrólfsskálamels var samþykkt samhljóða á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar og vísað til bæjarstjórnar til frekari afgreiðslu. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna til auglýsingar. Þegar auglýsinga- og athugasemdafrestur vegna deiliskipulagstillögunnar var útrunninn, samþykkti bæjarstjórn deiliskipulagstillöguna. Jafnframt vinnu við deiliskipulag Hrólfsskálamels var unnið að deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæða og á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar var tillaga að deiliskipulaginu samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til frekari afgreiðslu. Eftir að auglýsinga- og athugasemdafrestur vegna tillögunnar var útrunninn samþykkti bæjarstjórn tillöguna á fundi í desember 2006.
Þá var einnig unnið að deiliskipulagi Vesturhverfis. Samþykkt var samhljóða í skipulags- og mannvirkjanefnd að vísa tillögunni til bæjarstjórnar til frekari afgreiðslu. Bæjarstjórn samþykkti að auglýsa deiliskipulagstillöguna.
Á árinu bárust skipulags- og mannvirkjanefnd tvær fyrirspurnir um landfyllingar, annars vegar við Suðurströnd og hins vegar við Norðurströnd. Báðum þessum hugmyndum var hafnað.
Í ágúst barst nefndinni tillaga frá Glámu Kím arkitektum um deiliskipulag lóðanna að Skerjabraut 1–3. Tillagan var rædd á nokkrum fundum nefndarinnar og samþykkt var að auglýsa tillöguna sem gerir ráð fyrir 25 íbúða fjölbýlishúsi.
Samþykkt var á fundi nefndarinnar í maí að efna til samkeppni um skipulag hafnarsvæðisins í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.
Þá samþykkti nefndin að leggja aukna áherslu á umferðarmál og var Gunnari Inga Ragnarssyni verkfræðingi falið að gera heildarúttekt á umferðarmálum í bænum. Skýrsla Gunnars





var lögð fram í lok ársins.
Gengið var til samninga við Kanon arkitekta í maí um að standa að deiliskipulagsvinnu Lambastaðahverfisins.
Gerð gervigrasvallar er langt komin í samræmi við staðfest aðalskipulag. Jarðvinnu, lagningu gervigrass og hitalagna ásamt lýsingu lauk á árinu. Unnið er að hönnun stúkubyggingar, búningsklefa o.fl. í tengslum við íþróttasvæðið.

## Byggingarmál

Á árinu var hafin smíði þriggja einbýlishúsa. Þá bárust margar óskir fasteignaeigenda um heimildir til stækkunar og breytinga á fasteignum þeirra. Lokið var við smíði þriggja íbúða á árinu.
Viðhald og endurbætur á stofnunum bæjarins er fyrirferðarmikill þáttur í verkefnum Tækni- og umhverfissviðs.
Í lok skólaárs var áfram unnið að framkvæmdum við endurinnréttingu í Mýrarhúsaskóla. Um er að ræða gagngera endurnýjun á annarri hæð skólans. Aðalvertaki framkvæmdanna er BR-Hús ehf. og hönnuður er Páll Gunnlaugsson arkitekt ásamt Gunnsteini Guðmundssyni rafmagnsfræðingi og Ólafi Þorbjörnssyni vélaverkfræðingi. Framkvæmdir gengu vel og lauk þeim í upphafi skólaárs.
Í Valhúsaskóla var hafist handa við endurnýjun bókasafns skólans. Um var að ræða viðgerð á gólfi og endurnýjun gólfefna ásamt málun og endurnýjun allra innréttinga safnsins. Hönnuður framkvæmdanna var Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt og verktaki Pétur Hjartarson byggingarmeistari. Framkvæmdum lauk á tilsettum tíma í upphafi skólaárs.
Á árinu var áfram unnið að framkvæmdum við fyrsta áfanga breytinga og endurnýjunar á Íþróttamiðstöð Seltjarnarness og lauk þeim að mestu á haustdögum. Hönnun framkvæmdanna var á vegum Funkís ehf. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. en verktaki var Ístak hf.
Auk framangreindra framkvæmda var unnið að viðhaldsframkvæmdum í leikskólum og tómstundamiðstöð unglinga svo og að breytingum í íbúðum aldraðra.

## Verklegar framkvæmdir

Starfsmenn Áhaldahúss starfa við viðhalds- og þjónustuvinnu við bæjarbúa og stofnanir bæjarins. Unnið var að viðhaldi í dreifikerfum vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu. Víða var unnið að frágangi, þökulögnum og almennri viðhaldsvinnu við bæjarstofnanir og í gatnakerfi bæjarins. Áhaldahúsið sér um slátt og hirðingu á landi bæjarins ásamt viðhaldi strætisvagnaskýla. Áhaldahúsið vann að frágangi við gervigrasvöll við Suðurströnd og á hafnarsvæðinu.

## Viðhald gatnakerfis og malbikun

Helstu verkþættir í malbikun voru yfirlagnir og viðgerðir á malbiki. Lagt var yfirlag á Sefgarða milli nr. 2 og 20, á Hofgarða og einnig við gatnamótin á Suðurströnd og Nesvegi. Unnið var að malbiksviðgerðum víða á götum bæjarins. Verktaki við malbikun yfirlagna var Malbik og Völtun ehf. Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas vann holuviðgerðir. Á árinu var unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum og málningu á merkingu gatna.

## Gangstéttir og gangstígar

Víða voru gangstéttahlutar endurnýjaðir og viðgerðir á gangstéttum og kantsteinum framkvæmdar. Stétt var endurnýjuð að austanverðu á Vesturströnd og kaflar voru endurnýjaðir á Skerjabraut og Sævargörðum. Vegna lagningu ljósleiðara var hluta framkvæmda við endurnýjun gangstétta frestað. Verktaki við gangstéttar var Gísli Magnússon. Árlega er nokkuð viðhald vegna sjógangs á gangstígum í Suðurnesi og víðar á Seltjarnarnesi.

## Fráveitukerfið

Unnið var að reglubundnu viðhaldi í öllum dælustöðvunum í fráveitukerfinu. Dæla við Norðurströnd var tekin upp og endurnýjaðar legur, ásþétti og hjól. Unnið var að því að koma á fjargæslukerfi á dælustöðvar og yfirföll fráveitunnar og var opnuð vefsíða þar sem skoða má ýmis mæligildi varðandi virkni kerfisins. Næsti áfangi í fráveitukerfinu er bygging dælustöðvar við Tjarnarstíg.

## Götulýsing og umferðarljós

Ljósastaurar við Miðbraut sunnan Hæðarbrautar voru endurnýjaðir og til að bæta götulýsingu var á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi bætt við ljósastaurum. Unnið var að reglubundnu viðhaldi á götulýsingu og umferðarljósum.

## Smábátahöfn

Bílaplan var malbikað og stéttar hellulagðar norðan og austan við hús björgunarsveitarinnar á hafnarsvæðinu. Áhaldahúsið sá um þökulagningu á svæðinu. Gert var við grjótvörn í syðri hafnargarðinum og byrjað að koma fyrir siglingarljósum á hafnargörðunum. Að öðru leyti var eingöngu um reglubundið viðhald að ræða.







## Sjóvarnir

Í Suðurnesi var haldið áfram með byggingu sjóvarnargarða austan Búðatjarnar og einnig vestast á Bakkagranda, meðfram heimkeyrslu á golfvöll. Að öðru leyti var um árlegt viðhald á sjóvarnargörðum að ræða.

## Vatnsveita

Árlega er unnið að viðgerðum og lekaleit í dreifikerfi vatnsveitu Seltjarnarness til að halda vatnsnotkun í lágmarki. Lagnabútar og lokar voru endurnýjaðir og einnig heimæðar frá götulögn að inntaksloka.
Heimæðalagnir voru endurnýjaðar að Melabraut 2, Miðbraut 16 og 23, Nesvegi 115, Unnarbraut 5 , 6, 11 og 20 og Vallarbraut 18. Lögð var ný stofnheimæð fyrir Vesturströnd 1–7 og allar eldri heimæðarnar tengdar við stofninn. Að Tjarnarstíg 4–6 var heimæð færð vegna nýbyggingar og vegna leka á heimæð að Lindarbraut 2 var lögn í Vallarbrautarvöll aftengd. Ný heimæð var lögð að íþróttavelli við Suðurströnd.
Endurnýjaðir voru þrír stofnlokar á Melabraut, einn við lögn í Bakkavör, annar fyrir Unnarbraut og við Melabraut 3. Settur var nýr stofnloki á Melabraut við Hæðarbraut. Nýjum götulokum var komið fyrir á Hæðarbraut rétt ofan lóðamarka Miðbrautar 24 og á Hæðarbraut við Vallarbraut 8. Endurnýjaðir voru tveir götulokar í Miðbraut við Melabraut og Hæðarbraut.

## Garðyrkjudeild

Seltjarnarnes er að mestu byggt og opin svæði frágengin. Sumarvinna starfsmanna bæjarins byggist að stærstum hluta á viðhaldi þessara svæða og fegrun t.d. gróðursetningu sumarblóma og runna. Umhirðan skiptist á milli Áhaldahússins og Vinnuskóla Seltjarnarness. Samvinna er mikil á milli þessara tveggja deilda. Áhaldahúsið sér um slátt á opnum svæðum og stærri verk. Vinnuskólinn sér um viðhald á gróðurbeðum og opnum svæðum ásamt viðhaldi á stofnanalóðum og leiktækjum. Hreinsun gangstétta og gróðursetning sumarblóma eru meðal helstu verka Vinnuskólans.
Að vori þegar sumarstarf hefst í kringum 11. júní er miklum tíma varið í að fegra bæinn fyrir 17. júní hátíðahöldin. Gróðurbeð bæjarins eru mörg og fer mikill tími í að viðhalda þeim ásamt gróðursetningu nokkur þúsund sumarblóma.
Á sumrin er unnið að reglulegu viðhaldi leikskólalóðanna, þar er tekið upp slitið torf og nýju komið fyrir. Þá eru beð hreinsuð og sumarblóm sett niður, leiktækin eru máluð og lagfærð ef þarf.

Unnið var við frágang lóðar ofan við björgunarsveitarhúsið við Suðurströnd. Umhverfi við gervigrasvöllinn við Suðurströnd var þökulagt.

Ákveðið var að samræma alla vegvísa og fjölga þeim, því var skipt um alla vegvísa bæjarins á árinu.
Vinnuskólinn var starfræktur við Vallarbrautarvöll og voru alls um 190 ungmenni sem störfuðu þar á árinu, þar af voru 160 á aldrinum 14–16 ára og um 30 sem voru 17 ára. Starfsemi Vinnuskólans gekk mjög vel. Ungmennunum var skipt í hópa sem halda saman allt sumarið. Hver hópur fer í viku af sumrinu í Félagsheimilið Selið og vinnur þar við margvísleg félagsleg verkefni. Ýmislegt er gert til gamans, má þar helst nefna íþróttadag og lokadag og keppni í kastalasmíði. Lokadagur ársins var haldinn í Nauthólsvík á góðviðrisdegi í sumarlok, þar var keppt í strandblaki við slökkvilið og sjúkraflutningamenn höfuðborgarsvæðisins.
Jólaskraut var umfangsmeira þetta árið og voru allir ljósastaurar skreyttir frá strandahverfi á Norðurströnd að Lindarbraut. Stefnt verður að því að endurnýja hluta jólaskrautsins í haust þar sem ekki kom allt heilt undan vetri.

# Hitaveita Seltjarnarness

Bæjarskrifstofur Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101
Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is
Veffang: www.seltjarnarnes.is
Afgreiðslutími: virka daga frá kl. 8:45–16:00
Hitaveitustjóri: Jón H. Björnsson

Rekstur hitaveitunnar gekk vel árið 2006. Mjög lítið var um rekstrartruflanir á árinu. Gjaldskrá var óbreytt allt árið. Unnið var að endurnýjun á dreifikerfi bæði á brunnum og heimæðum. Einnig var unnið að endurnýjun á stýrikerfi veitunnar. Verkfræðistofan Fjarhitun gerði þrýstigreiningu á dreifikerfi veitunnar. Tilgangur þessa verkefnis var að skoða þáverandi ástand á dreifikerfinu og hvaða áhrif nokkrir stórir þættir hefðu á kerfið, svo sem snjóbræðsla í nýjum gervigrasvelli, nýbygging líkamsræktar við sundlaug, breytingar á Hrólfsskálamel o.fl. Til þessa verkefnis var notað reikniforrit sem kallast WATERCAD og í því var sett upp líkan af dreifikerfinu með helstu hlutum þess. Nota má líkanið til að gera tillögur að nýlögnum eða breytingum í dreifikerfinu ef þurfa þykir, sem og til að endurskoða þrýstistýringu.

Hér á eftir fara samandregnar niðurstöður um jarðhitakerfi Hitaveitu Seltjarnarness árið 2006:

- Tekin voru sýni til heildarefnagreininga úr holum SN-04 og SN-12 á árinu 2006.
- Starfsmaður Hitaveitunnar mældi rafleiðni í vinnsluvatni vikulega í þeim holum sem voru í dælingu hverju sinni.
- Fremur litlar breytingar sjást á efnainnihaldi vinnsluvatns.
- Mældur kísill er þó verulega hærri í vatni úr holu SN-04 en undanfarin ár og sömuleiðis reiknaður kalsedonhiti.
- Ekki var unnt að mæla hlutfall stöðugra samsætna í vinnsluvatninu að þessu sinni vegna endurnýjunar mælitækis.
- Rafleiðnimælingar bentu til heldur minni seltu í vinnsluvatninu.
- Vinnsluvatn reiknaðist nú nokkuð yfirmettað af kalki. Fylgjast þurfti því vel með búnaði sem uppsettur var við allar vinnsluholur vegna tæringa og útfellinga.
- Holur SN-04 og SN-12 voru í dælingu allt árið, en SN-05 í um hálft árið og SN-06 einungis í fáeinar vikur.
- Vinnslan árið 2006 var með svipuðu sniði og áður, þ.e. mun minni yfir sumarmánuðina, en meiri yfir vetrarmánuðina. Hún jókst þó aðeins í júní og júlí en minnkaði nokkuð haust og vetrarmánuði.
- Hitastig í holu SN-04 var svipað og á síðasta ári. Samspil vinnslu og hitastigs endurspeglast vel í holunni. Þá var hitastig í holu SN-12 nokkuð stöðugt.
- Mælingar í holu SN-05 voru of slitróttar til að unnt væri að túlka þær mikið.
- Vatnsborðssveiflan í holu SN-01 hafði minnkað aðeins í samræmi við aðeins minni mun á milli vetrar- og sumarvinnslu.
- Engin vatnsborðsgögn fengust úr holu SN-02.
- Niðurstöður vatnsborðsmælinganna sýndu almennt að vinnslan væri ekki mikil áraun á jarðhitakerfið, þótt einstaka holur svöruðu aukinni vinnslu með lækkuðu vatnsborði.

Vinnslu úr jarðhitasvæðinu á Seltjarnarnesi má telja því sem næst sjálfbæra eins og verið hefur mörg undanfarin ár.

# Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Þverholti 2, 5. hæð, 270 Mosfellsbær
Sími: 525 6795 Bréfsími: 525 6799
Veffang: www.eftirlit.is
Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Narfason

## Starfsemi heilbrigðiseftirlitsins

Árið 2006 var nítjánda starfsár Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem er rekið sameiginlega af Kjósarhreppi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að sjá um að ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé framfylgt. Þá kann heilbrigðiseftirliti að vera falið að annast framkvæmd á ákvæðum reglugerða, heilbrigðissamþykkta og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum. Samkvæmt ársreikningi heilbrigðiseftirlitsins er ljóst að rekstur eftirlitsins stóðst áætlun.
Eftirlitsgjöld voru innheimt af fyrirtækjum skv. gjaldskrá nr. 44/2006 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Eftirlitsskyld fyrirtæki á svæði heilbrigðisnefndarinnar eru alls 226, og hefur sá fjöldi verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Um helmingur er á mengunarsviði og helmingur á heilbrigðis- og matvælasviði, einhver fyrirtækjanna falla undir bæði sviðin.
Heilbrigðisnefnd hélt 10 fundi á árinu en ný heilbrigðisnefnd tók til starfa í júní 2006. Fundargerðir heilbrigðisnefndar eru birtar á heimasíðu eftirlitsins.
Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins eru tveir, Þorsteinn Narfason, umhverfisfræðingur, framkvæmdastjóri eftirlitsins og Árni Davíðsson líffræðingur.

## Þvingunarúrræði

Heilbrigðisnefnd ákvað í einu tilviki að beita þvingunarúrræði og leggja nýjar dagsektir á fyrirtæki á árinu 2006. Í tveimur tilvikum voru dagsektir felldar niður þar sem fyrirtækin höfðu uppfyllt kröfur heilbrigðisnefndar en dagsektarreikningar eins fyrirtækis voru útistandandi í árslok. Í einu tilviki var sett leigubann á húsnæði. Starfsemi var stöðvuð í tveimur tilvikum.

## Matvælaeftirlit og neysluvatn

Samkvæmt matvælareglugerð eiga öll matvælafyrirtæki að hafa sett upp viðurkennt innra eftirlitskerfi. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að viðurkenna slík kerfi og leiðbeina við uppsetningu þeirra. Um 43 fyrirtæki voru með innra eftirlit í árslok. Þau fyrirtæki sem eiga að hafa innra eftirlit á svæðinu eru flest komin með það í einhverri mynd. Starfsleyfi voru veitt nýjum fyrirtækjum með skilyrði um að innra eftirliti verði komið á.







Fylgst var reglulega með gæðum neysluvatns á svæðinu og var stuðst við ákvæði reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn um fjölda sýna. Alls voru tekin 38 sýni til gerlarannsókna, sjá 5. töflu.

Niðurstöður vatnssýna eftir staðsetningu.

| Sýnatökustaður | Fjöldi sýna | Nothæf | Ónothæf |
|---|---|---|---|
| Seltjarnarnes, dreifikerfi | 10 | 10 | |
| Mosfellsbær, dreifikerfi | 10 | 10 | |
| Mosfellsbær Laxnesdý | 9 | 9 | |
| Mosfellsbær Guddulaug | 9 | 9 | |
| Mosfellsbær einkavatnsból | 0 | | |
| Kjós einkavatnsból | 4 | 1 | 3 |
| Samtals: | 42 | 39 | 3 |
| Hlutfall: | 100% | 93% | 7% |

## Hundahald og meindýraeyðing

Heilbrigðisnefnd viðurkenndi tvö námskeið í grunnuppeldi á hundum. Eigendur hunda sem hafa sótt slík námskeið geta sótt um lækkun á eftirlitsgjöldum. Fjöldi hunda á Seltjarnarnesi er nokkuð stöðugur.
Ingimundur Helgason sinnti starfi hundaeftirlitsmanns á Seltjarnarnesi. Eftirfarandi eru skráðar upplýsingar um hundamál á Seltjarnarnesi árin 2003–2006.

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| Leyfi í gildi | 120 | 132 | 120 | 125 |
| Skráningar | 19 | 19 | 9 | 14 |
| Afskráningar | 8 | 7 | 21 | 9 |
| Kvartanir | 24 | 24 | 25 | 38 |
| Handsamaðir hundar | 6 | 14 | 10 | 8 |

Meindýraeyðing Reykjavíkurborgar sá um eyðingu meindýra á Seltjarnarnesi. Í skýrslu Guðmundar Björnssonar verkstjóra kemur fram að eitrað hafi verið kerfisbundið í holræsabrunna og í fjörur, auk þess sem sinnt hafi verið kvörtunum vegna rottu- og músagangs. Notuð voru um 97 kg af eitri sem komið var fyrir í holræsakerfi og 35 kg voru sett í fjörur og á opin svæði. Í þremur tilvikum var kvartað yfir rottu og í tveimur tilvikum vegna músa. Að beiðni Seltjarnarnesbæjar voru einnig skotnir 148 sílamáfar við Bakkatjörn og 5 minkar.



## Úrgangur og sorp

Um meðhöndlun úrgangs gilda lög nr. 55/2003 og á grundvelli þeirra hafa verið settar reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, um urðun úrgangs nr. 738/2003 og um brennslu úrgangs nr. 739/2003.
Í reglugerð um meðhöndlun úrgangs eru ákvæði um að sveitarfélög geri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Markmið svæðisáætlunar er að dregið sé úr myndun úrgangs og að endurnotkun og endurnýting sé aukin. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis mun vinna sameiginlega að gerð svæðisáætlana sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs ásamt Sorpsamlögum SORPU, Sorpstöð Suðurlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpurðun Vesturlands. Unnin hefur verið úttekt á mismunandi lausnum s.s. jarðgerð, gasgerð, brennslu og urðun. Verkefnisstjórn hefur verið í höndum VGK Hönnunar. Drög að lokaskýrslu verða kynnt sveitarfélögum og nefndum þeirra á næstunni.
Sorphirða á óflokkuðum heimilisúrgangi á vegum Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fer fram á tíu daga fresti. Þeir sem vilja flokka sorp verða að koma því á móttökustað, á endurvinnslustöðvar Sorpu eða í pappírs/fernugáma.

## Fráveita og strandlengjan

Á árinu var unnin skýrsla eftir að rannsókn hafði farið fram um skólpmengun við strandlengju Mosfellsbæjar og Seltjarnarness en sýnatökur hafa staðið samfleytt frá árinu 2004. Markmiðið með rannsókninni er að bera mengun við ströndina við viðmiðunarmörk í reglugerð um fráveitur og skólp og jafnframt að safna upplýsingum um breytingar sem kunna að verða á gerlaástandi sjávar við ströndina. Niðurstöður sýnatöku á Seltjarnarnesi sýndu að 33% sýna reyndust vera hlutfallslega yfir umhverfismörkum fyrir útivistarsvæði, þar er átt við sýni sem bera meira en 100 saurkólígerla í 100 ml af sjó. Rannsóknum verður haldið áfram.
Nánari upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis: www.eftirlit.is

# Ársreikningur 2006

**Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna**

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning bæjarsjóðs og samantekinn ársreikning bæjarsjóðs Seltjarnarness og stofnana og fyrirtækja hans fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga sveitarfélaga.

Reykjavík, 25. apríl 2007

Deloitte hf.

Lárus Finnbogason
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

